

# Inntak konungdóms í konungsríkinu Íslandi

**Björn Jón Bragason**, doktorsnemi í sagnfræði við Háskóla Íslands og í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, kennari við Verzlunarskóla Íslands, stundakennari við Háskólann í Reykjavík

## Útdráttur

Í greininni er gerð grein fyrir inntaki konungdóms í konungsríkinu Íslandi en allt fram til þess tíma er Ísland verður frjálst og fullvalda ríki eru konungbornir þjóðhöfðingjar áhrifamiklir gerendur við stjórn ríkja Norðurláfu, sér í lagi hvað varðar utanríkismál. Í greininni er rakið hvernig meðferð utanríkismála var kjarni konungdómsins í huga Kristjáns X, fyrsta og eina konungs konungsríkisins Íslands, en í hans huga kom ekki annað til álita en aðeins ein utanríkisþjónusta starfaði í hans umboði. Fyrst kastaðist verulega í kekki með konungi og íslenskum ráðamönnum þegar þeir hinir síðarnefndu léðu máls á uppsögn sambandslagasamningsins og þar með stofnun eigin utanríkisþjónustu. Í greininni eru hugtökunum persónusambandi og málefнасambandi gerð skil, leidd að því rök að milli Íslands og Danmerkur hafi verið persónusamband og um tvö aðskilin konungsembætti hafi verið að ræða.

**Efnisorð:** Konungur Íslands; konungsríkið Ísland; persónusamband; málefнасamband.

## Implementation of the Monarchy in the Kingdom of Iceland

### Abstract

The article describes the implementation of the monarchy in the Kingdom of Iceland. Until the time Iceland became sovereign state, the royal heads of state were influential actors in the governance of European countries, especially in terms of foreign affairs. The article outlines how the handling of foreign affairs was the core of the monarchy in the mind of Christian X, the first and only



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 19, Issue 1 (45-70)

© 2023 Contact: Björn Jón Bragason, bjornjb10@ru.is

Article first published online June 28<sup>th</sup> 2023 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. töl. 19. árg. 2023 (45-70) Fræðigreinar

© 2023 Tengiliður: Björn Jón Bragason, bjornjb10@ru.is

Vefbirting 28. júní 2023 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2023.19.1.3>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

king of the Kingdom of Iceland. He wished to direct it through a single foreign service working under his authority. First, there was a serious falling out with the king and the Icelandic politicians when the latter demanded the termination of the union agreement and thus the establishment of an Icelandic foreign service. In the article, the terms personal union and real union are defined and lead to the argument that there was a personal union between Iceland and Denmark.

**Keywords:** King of Iceland; Kingdom of Iceland; personal union; real union.

## Inngangur

Í nálega sérhverju ríki trónir þjóðhöfðingi efstur í stjórnkerfinu en samkvæmt skilgreiningu *Orðabókar Menningar sjóðs* er þjóðhöfðingi (fr. chef d'État) „æðsti maður þjóðar, konungur, keisari, forseti o.s.frv.“ Fáein dæmi eru um ríki án þjóðhöfðingja. Íslenska þjóðveldið (um 930 og fram á þrettánda öld) var án miðlægs framkvæmdarvalds og enginn var þar þjóðhöfðinginn. Þetta hefur greinilega vakið áhuga útlendra manna samanber skrif Adams frá Brimum í *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum*, frá því um 1073–1076. Þar sem hann segir Íslendinga hafa lög og biskup í konungs stað (Bremensis 1876).<sup>1</sup>

Í kjölfar Kílarfriðarins 1814 var stöðu Íslands lýst sem danskri hjálendu en áður hafði áður verið gengið út frá því að landið væri hluti norska konungsríkisins og sami konungur ráðið fyrir þeim ríkjum frá því á miðöldum.<sup>2</sup> Fullvalda íslenskt konungsríki varð til 1918 á einum mestu umbrotatímum í sögu Norðurláfu en þegar sambandslaganefndin var að störfum í Reykjavík þá um sumarið var þingbundin konungsstjórn í einhverri mynd orðið hið ríkjandi stjórnarfyrikomulag.

Rannsóknin miðar að því að kanna hvert hafi verið inntak konungdóms í konungsríkinu Íslandi eða hvað hafi nánar falist í konungsvaldinu. Leidd verða að því rök að utanríkismálin hafi verið kjarni konungsvaldsins sem ráða megi af eftirmálum fyrirspurnar Sigurðar Eggerz í neðri deild Alþingis 1928 um mögulega uppsögn sambandslagasamningsins. Að mati höfundar varpa þær umræður sem urðu í konungsgarði í kjölfar fyrirspurnarinnar þannig ljósi á meginhlutverk konungs í huga Kristjáns X, þess fyrsta og eina sem borið hefur titilinn „konungur Íslands“.

Rætur forsetaembættisins íslenska liggja í embætti konungs Íslands og því mikilvægt til skilningsauka á eðli fyrrnefnda embættisins að gaumgæfa hvernig völdum þess síðarnefnda var raunverulega háttað. Íslenska konungsríkið verður til við þær aðstæður að eiginlegum völdum konungborinna þjóðhöfðingja hnignar hratt. Rannsókn á stöðu konungs Íslands er einnig áhugaverð í því ljósi.

Í þjóðarétti 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar var hugtökunum persónusambandi og málefнасambandi mikill gaumur gefinn. Við ritun þessarar greinar fór fram rækileg könnun á skrifum fræðimanna á fyrri hluta 20. aldar um persónu- og málefнасambönd og greining á því hvers eðlis samband ríkjanna var.

Hér er einnig byggt á margvíslegum frumheimildum og ber þar hæst að nefna dagbækur Kristjáns X konungs sem að frumkvæði sonardóttur hans, Margrétar II drottningar, voru gerðar opinberar árið 2018. Sömu leiðis er lítið til umræðna á Alþingi, skrifa

danska og íslenskra lögspekinga og sagnfræðinga fyrri og síðari tíma og svo mætti áfram telja. Þau álitaefti sem hér eru uppi eru rýnd frá ýmsum sjónarhornum, en helstu nýmælin felast í beinum viðhorfum konungs sem áður hafa verið hulin að mestu. Höfundur kannaði gögn dönsk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar, hvort tveggja úr íslenska og danska hlutanum. Sá fyrrnefndi er varðveittur á skjalasafni Alþingis en síðari á Ríkisskjalasafni Dana. Meðal áður óbirtra heimilda má nefna að höfundur fékk aðgang að einkaskjölum Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra sem vörðuðu heimsókn hans til Danmerkur, Þýskalands og Finnlands vorið 1928 en þau eru í vörslu afkomenda Tryggva.

Greinin er byggð upp með þeim hætti að fyrst verður vikið að stöðu þekkingar á viðfangsefninu. Næst verður fjallað um þær gerólíku forsendur sem lágu til grundvallar konungsvaldi í ríkjunum tveimur, Íslandi og Danmörku, og leidd að því rök að um tvö aðskilin konungsembætti hafi verið að ræða 1918–1944. Í framhaldinu verður vikið að samskiptum konungs við ráðherra sína og greint frá ólíkum gerðum þjóðhöfðingjasambanda; málefнасamböndum og persónusamböndum. Fjallað verður um dvínandi völd konungs um þær mundir er íslenska konungsríkið verður til og í lokin horft sérstaklega til deilna um meðferð utanríkismála en þar kemur berlega í ljós kjarninn í meðferð konungsvaldsins. Sérstaklega verður vikið að viðbrögðum konungs við mögulegri stofnun séríslenskrar utanríkisþjónustu en í huga Kristjáns X, konungs Íslands, gekk slíkt fyrirkomulag ekki upp og hótaði hann ítrekað afsögn í samtölum við íslenska og danska ráðamenn vegna þessa. Öll miðar þessi könnun að því að greina hvert hafi verið *inntak konungdóms í konungsríkinu Íslandi* og um leið hvernig sambandi ríkjanna um konung var í reynd hátað, meðal annars með hliðsjón af þeim skilgreiningum á hugtökum sem viðhafðar voru á fyrri hluta tuttugustu aldar.

## 1. Staða þekkingar

Frá því að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki 1918 og fram til hernáms Danmerkur 1940 snerust samskipti ríkjanna einkum um fiskveiðiheimildir, viðskiptasamninga við þriðja ríki, fjárhagslegt uppgjör ríkjanna og kröfur Íslendinga um skjöl, handrit og muni úr dönskum söfnum, en þetta eru helstu efnin sem komu til umræðu á fundum dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar (Rigsarkivet). Danski sagnfræðingurinn Knud J. V. Jespersen (f. 1942), höfundur ævisögu Kristjáns konungs X, segir þjóðirnar hafa fjarlægst á þessum tíma en konungur kom þó alls fjórum sinnum hingað til lands, árin 1921, 1926, 1930 og 1936 en átti engan fastan samastað; hér var enginn „konungsgarður“ (Jespersen 2018, 34).

Jespersen segir fjarveru konungs hafa haft óheppileg áhrif á íslenskt stjórnmálalíf og stjórnskipan. Valdapyrstur forsætisráðherra hafi hæglega getað haft sitt fram gagnvart konungi sem eðli máls samkvæmt var um flest ókunnugur íslenskum málefnum (Jespersen 2018, 35). Hann segir enn fremur að endalok konungssambandsins hafi verið óumflýjanleg (Jespersen 2018, 36). Það er helst til djúpt í árinni tekið að mati þess sem hér heldur á penna. Þá hefur danski stjórnmálafræðingurinn, Rasmus Gjedssø Bertelsen (f. 1975), bent á að Kristján X hafi sýnt Íslandi og konungssambandinu lítinn áhuga (Bertelsen 2018, 219). Nils Svenningsen (1894–1985) sem á sínum tíma var ráðuneytis-

stjóri danska utanríkisráðuneytisins hefur einnig fjallað um stöðu konungs Íslands í ræðu og riti (Svenningsen 1984). Þá má geta rits danska sagnfræðingsins Per Sundbøl (1949–2016) kom sem kom út í íslenskri þýðingu Jóns Þ. Þór árið 1979 undir heitinu *Íslandspólitík Dana 1913–18*.

Ef við víkjum að skrifum íslenskra fræðimanna þá notast stjórnmálafræðingurinn Svanur Kristjánsson (f. 1947) við hugtakið „alvald Alþingis“ þegar hann lýsir íslenski stjórnskipun frá 1918 en hann hefur bent á að stjórnkerfi konungsríkisins hafi verið harla frábrugðið texta stjórnarskrárinnar og í reynd ríkt „óheft þingstjórn“. Þetta hafi leitt af sér „alvald stjórnmálaflokka“ sem stórjuku agavald sitt innanflokks og vald yfir þjóðlífinu öllu á umræddum tíma (Svanur Kristjánsson 2005, 141–143). Hér verður vikið að inntaki konungsvaldsins sem getur varpað ljósi á skipan valdþátta í konungsríkinu Íslandi.

Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur (f. 1949) hefur fjallað um hlutverk konungs, allt frá 1904 og getur þess í grein sinni „Forveri forseta“ að afskipti konungs af stjórnarmyndunum frá 1918 hafi verið næsta takmörkuð og konungur fylgst með á lengdar, látið senda sér fréttir af gangi mála, falið forseta sameinaðs Alþingis að ræða við forystumenn flokkana um stjórnarmyndun og síðan veitt þeim væntanlega forsætisráðherra umboð sem kallað var eftir að yrði fyrir valinu.

Þá getur Helgi Skúli þess að jafnan hafi verið gengið út frá því sem vísu að konungur léði undirskrift sína við hvaðeina það sem íslenskir ráðamenn kæmust að niðurstöðu um og þarfnaðist konungsstaðfestingar. Eina dæmið um umdeilda ákvörðun konungs á tímabilinu frá stofnun konungsríkisins var þegar konungur féllst að tillögu Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra um þingrof árið 1931 — en þá var komið að því að afgreidd yrði vantraustillaga á stjórnina. Mikið hefur verið skrifað fyrir og síðar um þingrofið 1931 en Helgi Skúli telur ákvörðun konungs hafa verið í fullu samræmi við framkvæmd sem þá var við lýði í Danmörku (Helgi Skúli Kjartansson 2006, 68).

Í ritgerðasafninu *Fryljast og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* er allnokkuð vikið að stöðu konungs í konungsríkinu Íslandi. Ragnhildur Helgadóttir lögfræðingur (f. 1972) bendir þar meðal annars á að forystumenn Íslendinga hafi frá því á 19. öld þekkt vel til ólíkra forma konungssambanda. Kröfur Íslendinga í þessu efni hafi verið í mótun, meira að segja fram yfir 1918 og það gildi líka um hlutverk og valdsvið konungs (Ragnhildur Helgadóttir 2018, 65). Í sama ritgerðasafni kemur Skúli Magnússon lögfræðingur (f. 1969) nokkuð inn á konungsvaldið og gerir meðal annars að umtalsefni hið gamla ágreiningsefni hvort sambandi ríkjanna verði lýst sem persónusambandi eða málefna-sambandi. Skúli nefnir í því sambandi að um hafi verið að ræða „sérstakt fyrirkomulag sem ekki yrði með einföldum hætti fellt undir ákveðið hugtak, hvað þá að ályktanir yrðu dregnar út frá tiltekinni flokkun ríkjasambandsins“. Þrátt fyrir það væri óumdeilt að sambandslögin hafi ekki falið í sér stofnun sambandsríkis eða „yfirríkis“. En Skúli nefnir enn fremur að nú sé ljóst að ágreiningur um nánari skilgreiningu sambands Danmerkur og Íslands frá 1918 hafi haft takmarkaða hagnýta þýðingu sé horft til framkvæmdar sambandslaganna og lýðveldisstofnunarinnar 1944 (Skúli Magnússon 2018, 131, 133–134). Höfundur fellst á þá niðurstöðu en telur engu að síður til mikilvægs skilningsauka á eðli konungssambandsins að gaumgæfa merkingu umræddra hugtaka.

Af fyrri tíðar fræðimönnum íslenskum sem fjallað hafa um konungsvaldið á árunum eftir 1918 má nefna lögfræðingana Björn Þórðarson (1879–1963) og Einar Arnórsson (1880–1955) sem báðir urðu um skeið ráðherrar og verður nokkuð vikið að þeirra skrifum hér að aftan. Þá er hér einnig að nokkru stuðst við sögu utanríkisþjónustunnar eftir Pétur J. Thorsteinnsson (1917–1995) og sögu Stjórnarráðsins eftir Agnar Klemens Jónsson (1909–1984). Endurminningar Sveins Björnssonar (1881–1952) og Jóns Krabbe (1874–1964) komu sömuleiðis að miklu gagni við ritun greinarinnar.

## 2. Eðli konungsvalds

### 2.1 Söguskoðun í sjálfstæðisbaráttu

Fram á fyrstu ár níttjándu aldar var konungur Danmerkur og Noregs áhrifamikill þjóðhöfðingi. Konungur tveggja ríkja, auk þess að vera hertogi í Slésvík og Holtsetalandi. Þessi ríkjaheild var nefnd *helstaten*, eða alríkið, og mátti heita allstór landfræðilega í samamburði við flest ríki Norðurláfu (Gunnar Karlsson 2008, 181). Noregur gekk konungi úr greipum með Kílarssamningnum 14. janúar 1814 en í staðinn fékk hann Láenborg 1815 sem var örlítið hertogadæmi í Norður-Þýskalandi og hafði áður verið hluti konungsríkisins Hannover.<sup>3</sup> Noregur var í konungssambandi við Svía frá 1814 eftir að hafa gert árangurslausu tilraun til stofnunar sjálfstæðs konungsríkis og hafði Svíakonungur nafn Noregs í titili sínum fram til ársins 1905. Í stríði Dana við Prússa og Austurríkismenn 1864 fóru Slésvík, Holtsetaland og Láenborg sömu leið og Noregur.<sup>4</sup> Konungur réð þá aðeins fyrir hinu eiginlega danska konungsríki, tveggja hjálendna; Íslandi og Færeyjum, auk Grænlands og nýlendanna Trankebar á Indlandi, hluta Gíneu í Afríku og eyjunum Sankti Jan, Sankti Croix og Sankti Thomas í Vestur-Indíum, sem nefndar voru Dönsku Jómfrúareyjar.<sup>5</sup>

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga byggðist á þeirri söguskoðun að hér á landi hefði verið við lýði eins konar lýðveldi (oftast nefnt þjóðveldi á seinni tímum) með höfðingjastjórn frá 930 til 1262 þegar Íslendingar hefðu sjálfviljugir gengið Noregskonungi á hönd á grundvelli Gamla sáttmála. Skjótt hefðu orðið vanefndir á þessum samningi. Þá hefðu landsmenn smám saman „linast í vörn réttinda sinna,“ sér í lagi eftir að konungssamband komst á milli Noregs og Danmerkur (Bjarni Jónsson frá Voggi 1923, 113–114). Þessi söguskoðun er að mati höfundar um margt úrelt en hvað sem því líður þá er það loks 1. desember 1918 sem Ísland er lýst frjálst og fullvalda ríki.

Í fullveldi er fólgið ótakmarkað vald í öllum málum inn á við og út á við (l. summa potestas). Þar með talið er 1) rétturinn til að gera út sendiherra til annarra ríkja og veita sendiherrum annarra ríkja móttöku (l. just legationum), 2) rétturinn til að gera þjóðréttarsamninga við önnur ríki (l. jus foederum et tractatum) og 3) rétturinn til að heyja stríð og semja frið (l. jus belli ac pacis). Það er því eitt af einkennum fullvalda ríkis að hafa full yfirráð yfir utanríkismálum sínum og hermálum (von Liszt 1910, 50–51). Þessir tveir þættir eru líka nánast óaðskiljanlegir þjóðhöfðingja. Sem dæmi má nefna að Svíakonungur var með stjórnskipunarlægum 1974 sviptur áhrifum sínum að mestu, hann veitir ekki lengur stjórnarmyndunarumboð, skipar ekki ráðherra og staðfestir heldur ekki lög. Samt sem áður gegnir Svíakonungur enn þeim formlegu skyldum að veita við-

töku trúnaðarbréfum erlendra sendiherra og hann gefur út trúnaðarbréf til sænskra sendiherra. Að nafninu til er hann einnig æðsti yfirmaður alls sænska heraflans.

## 2.2 Konungsríki hvarvetna

Þegar lagður var grunnur að stofnun íslensks konungsríkis sumarið 1918 voru lýðveldi Norðurláfu sárafá. Eitt stórveldanna, Frakkland, var þó með því stjórnarfyrirkomulagi. Að mestu leyti var enn við lýði sú stefna sem mörkuð hafði verið á Vínarfundunum rúmri öld fyrr en eftir ósígura herja Napóleons 1814 og 1815 komu sigurvegararnir sér saman um að gervallri Norðurláfu skyldi stýrt af öflugum konungsríkjum með fáeinum undantekningum og ber þar helst að nefna svissneska ríkjasambandið.

Árið 1910 hafði konungsstjórn verið brotin á bak aftur í Portúgal, en þar höfðu konungar ríkt óslitið frá 1139.<sup>6</sup> Einhvers konar erfðafyrirkomulag var þó enn á skipan þjóðhöfðingja nálega allra fullvalda ríkja Norðurláfu. Þá voru innan landamæra þýska keisaradæmisins 22 ríki með skipan erfðaveldis um þær mundir sem samningamenn Íslendinga og Dana voru að störfum í Reykjavík sumarið 1918. Enn var barist á vesturvígstöðvunum en gerðir höfðu verið friðarsamningar milli miðveldanna og stjórnar byltingarmanna í Rússlandi 3. mars 1918. Þeir fólu í sér að gríðarlegt landflæmi kom í hlut Þjóðverja og Austurríkismanna sem höfðu þá í undirbúningi stofnun nýrra ríkja þar eystra, þar á meðal voru konungsríkið Finnland, konungsríkið Litháen, konungsríkið Pólland og Sameinaða baltneska hertogadæmið (þ. Vereinigtes Baltisches Herzogtum) þar sem stór hluti íbúa var af þýskum uppruna. Friðrik Karl (1868–1940), prins af Hessen, var kjörinn konungur á finnska þinginu 9. október 1918 og að auki hlaut hann titlana hertogi af Álandi og stórfursti af Lapplandi. (Norlin 2021, 185; Fischer 1970, 654). Hann var mágur Vilhjálms II keisara, kvæntur Margrėti, prinsessu af Prússlandi. Friðrik Karl var talinn formlega konungur Finnlands til 14. desember 1918. Hann var fæddur í Holtsetalandi, þriðji sonur Friðriks Vilhjálms, landgreifa af Hessen, hershöfðingja í her Danakonungs. Á þriðja áratug 19. aldar höfðu vonir Kristjáns VIII Danakonungs staðið til þess að Friðrik Vilhjálmur yrði ríkisarf Danmerkur. Friðrik Karl, konungsefni Finna, hafði því skýra tengingu við Norðurlönd.<sup>7</sup> Ákvörðun um stofnun séríslensks konungsríkis er tekin í því andrúmi að fjöldi nýrra konungsríkja er í bígerð og mikil gróska í ríkjamyndun þar sem konungsbönd voru meðal annars til umræðu.<sup>8</sup> Þetta kemur meðal annars fram í skýrslu Jóns Krabbe, forstjóra íslensku stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn, til danskra ráðamanna 1918. Þar komst hann svo að orði að um þær mundir riðluðust vanabundin hugtök og í „nær hverjum mánuði koma fram ráðagerðir um ný persónusambönd, milli Saxlands og Litháens, milli Prússlands og Kúrlands“. En þetta bar hann saman við fyrirhugað samband milli Íslands og Danmerkur sem hann hikar ekki við að nefna persónusamband (Jón Krabbe 1959, 58).

Friðrik Karl konungsefni og fjölskylda voru ferðbúin til Finnlands þegar þýska keisaradæmið féll og með því féllu önnur 22 erfðaveldi, þar á meðal Bæjaraland þar sem konungar af ætt Wittelsbach höfðu ráðið fyrir ríki í sjöhundruð ár. Vilhjálmur II keisari lét af völdum 28. nóvember 1918 og hélt í útlegð til Hollands. Hin gamla heimsmynd hvarf þannig í einu vetfangi rétt í þá mund að konungsríkið Ísland var formlega stofnað.<sup>9</sup>

Í rannsóknarniðurstöðum danska sagnfræðingsins Per Sundbøl sem birtust í bókinni *Íslandspólitík Dana 1913–18* kemur fram að konungur hafi verið „æstur í að koma af stað viðræðum við Íslendinga“ um sambandsmálið. Þar hafi ráðið að stórum hluta afstaða H.N. Andersen etatsráðs sem sá fyrir sér mikla möguleika á danskri fjárfestingu á Íslandi en Andersen var mjög handgenginn Kristjáni konungi. Afstaða hans var í stórum dráttum sú að koma ætti til móts við kröfur Íslendinga um fullveldi og í kjölfarið sköpuð skilyrði efnahagslegrar samvinnu með dönsku fjármagni. Var þá einkum horft til virkjunar fallvatna sem norskir fjárfestar höfðu einnig sýnt mikinn áhuga (Sundbøl 1979, 65–66).

Í skrifum um fullveldi Íslands hefur jafnan verið bent á þýðingu hugmyndarinnar um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna en Sundbøl bendir á í rannsókn sinni að Danir hafi orðið að virða rétt Íslendinga að þessu leyti til þess að geta notfært sér það hugtak er þeir hefðu uppi kröfur um endurheimt Suður-Jótlands (Sundbøl 1979, 121). Sundbøl vísar m.a. til ræðu J.C. Christensen, leiðtoga dönsku stjórnarandstöðunnar, sem hefði í grein um sambandslögin látið þess getið að með þeim hefðu Danir sýnt „fagurt dæmi um raunverulega virðingu fyrir þjóðerni, og þannig viljum við láta koma fram við okkur“. Þarna var þó hvergi minnst á Slésvík líkt og Sundbøl nefnir en hann getur sér þess þó til að sú merking hafi verið undirliggjandi. Aftur á móti urðu háværingar rökin um endurheimt Slésvíkur þegar sambandslögin voru til umræðu í Ríkisþinginu 13.–28. nóvember 1918 — en þá er til þess að líta að Þjóðverjar höfðu lýst yfir uppgjöf í styrjöldinni. Sá sem hér ritar álitur að helst til mikið hafi verið gert úr hugmyndum um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna í þessu sambandi enda sýnir Sundbøl sjálfur fram á að slíkar tengingar við kröfuna um endurheimt Slésvíkur séu beinlínis vart komnar fram fyrir en í kjölfar styrjaldarinnar.

Nokkrum mánuðum fyrr, þegar sambandsnefndin var að störfum í Reykjavík, sá enginn fyrir lyktir ófriðarins mikla, en friður hafði verið saminn á austurvígstöðvunum og forkólfar miðveldanna í óða önn að undirbúa stofnun nýrra konungsríkja og herzogadæma í austurvegi. Þar á meðal var áðurnefnt konungsríkið Finnland. Unnið var að undirbúningi stofnun íslensks konungsríki mitt í þessu andrúmi en þegar að formlegri viðurkenningu Dana á því kom 1. desember 1918 höfðu aftur á móti orðið aldarhvörf í stjórnskipunarsögu álfunnar.<sup>10</sup>

### 2.3 Gerólíkar forsendur konungsvalds í ríkjunum tveimur

Aldrei var véfengt að Danakonungur væri réttur þjóðhöfðingi Íslendinga en Ísland hafði *de facto* verið undir yfirráðum hans frá árinu 1380 er konungssamband komst á milli Noregs og Danmerkur (Einar Arnórsson 1923, 31). Konungsvald átti sér gerólíkar forsendur í ríkjunum tveimur (Þorvaldur Þórarinnsson 1942, 29). Laust Jevsen Moltesen, utanríkisráðherra Dana 1926–1929, var sérfræðingur í kirkjusögu. Í samtali sínu við konung 21. mars 1928, þar sem rætt var um samband Íslands og Danmerkur, áréttaði Moltesen að staða konungs hvíldi á sögulegri hefð sem ætti rætur að rekja aftur til Haralds hárfagra. Rétt er að taka fram að Noregskonungur voru hylltir á Alþingi og þeir voru ekki allir af ætt Haralds hárfagra. En að mati Moltesen hvíldi konungsvald á Íslandi á mun traustari hefð heldur en á hinum Norðurlöndunum — og konungur trúir dagbókinni fyrir því að

hann hafi ekki gert sér grein fyrir þessu. Söguskoðun Moltesen virðist raunar ganga út á að konungaröð Íslendinga nái aftur fyrir 1262 og allt aftur til ríkisstofnunar í Noregi um það leyti sem Ísland var numið. Í þessu sambandi er vert að geta þess að ritun konungasagna hófst snemma hér á landi — eða á tólftu öld og langflestar þeirra sagna eru ritaðar áður en Íslendingar urðu þegnar Noregskonungs. Þessi bókmenntagrein á sér ekki skýrar erlendar fyrirmyndir og má teljast svo gott sem séríslensk (Ármann Jakobsson 1997, 11).

Í 1. mgr. 1. gr. sambandslaganna var því lýst yfir að Ísland og Danmörk væru í sambandi um einn og sama konung og um þann samning sem fælist í sambandslögunum. Konungssambandið var þannig óháð sambandslögunum. Friðrik Karl, konungsefni hins skammlífa finnska konungsríkis, hafði verið kjörinn á finnska þinginu og sami háttur var hafður á þegar Norðmenn tóku sér Karl Danaprins fyrir konung (Hákon VII).<sup>11</sup> Hér á landi var annað uppi á teningnum, konungsvaldið grundvallaðist á ævafornri hefð og sambandslögin hvíldu á þeirri staðreynd að Ísland og Danmörk *væru* í konungssambandi og Íslendingar hefðu aldrei véfengt vald konungs eða hans ættar (Einar Arnórsson 1923, 18).<sup>12</sup> Í reynd var þ.a.l. engin ástæða til að ræða stöðu konungs þegar sambandslögin voru samin enda deildu Íslendingar aldrei um réttmætt tilkall hans til konungdóms á Íslandi (Þorvaldur Þórarinsson 1942, 29). Yrði sambandslagasamningnum sagt upp eða hann félli einfaldlega úr gildi að loknum 25 ára gildistíma héldist konungssambandið og framtíð þess yrði í höndum þjóðþinga ríkjanna (Gregersen 1937, 347). Svo seint sem árið 1942 ritar Þorvaldur Þórarinsson lögfræðingur í rannsóknarritgerð við Cornell-háskóla að yrði sambandslagasamningnum sagt upp stæði konungssambandið óhaggað (Þorvaldur Þórarinsson 1942, 66). Athygli vekur að þegar þetta er skrifað 1942 er formlegur undirbúningur var hafinn að stofnun lýðveldis með ályktun Alþingis og þar með afnámi konungdæmis.

Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra var í fylgdarliði Kristjáns konungs í opinberri heimsókn til Finnlands í maí 1928. Lauri Kristian Relander Finnlandsforseti (1925–1931) fagnaði konungi sérstaklega sem þjóðhöfðingja sögueyjunnar í norðri og sjálfur lagði konungur þunga áherslu á stöðu sína sem þjóðhöfðingi tveggja ríkja í ávarpi sínu til Finnlandsforseta (Einkaskjalasafn Tryggva Þórhallssonar 1928).

Ekki var kveðið á um sameiginlegt ráð ríkjanna tveggja þar sem konungur væri í forsvari. Hann var konungur tveggja sjálfstæðra og fullvalda ríkja og réttarstaða hans og völd þannig innanríkismál hvors ríkis um sig (Þorvaldur Þórarinsson 1942, 52). Og í hvoru ríki um sig sat konungur í forsæti ríkisráðs sem er sérstakt einkenni norrænnar stjórnskipunar (Sørensen 1969, 66). En við stofnun konungsríkisins varð til séríslenskt ríkisráð en konungsráðgjafi þar að lútandi var gefinn út 28. maí 1919. Þar sagði að lög og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir skyldu bornar upp fyrir konung í ríkisráði. Flest árin voru ríkisráðsfundir haldnir í Kaupmannahöfn og konungur gat samkvæmt 12. gr. stjórnarskrárinnar frá 1920 haldið ríkisráðsfund með einum ráðherra utan Íslands. Sum ár voru ríkisráðsfundir tveir en oftast aðeins einn á ári (Agnar Kl. Jónsson 1969, 93).

Ríkisráðsfundir voru lítið annað en formið en alltént er þekkt eitt dæmi þess að konungur hafi fundið að framkvæmd mála á ríkisráðsfundi. Það gerði hann við Sigurð Eggerz forsætisráðherra á ríkisráðsfundi 22. desember 1922 en konungi mislíkaði að



veitingar bankastjóraembætta hefðu ekki verið bornar upp í ríkisráðinu. Slíkar ákvarðanir ætti samkvæmt 12. gr. stjórnarskrár „að bera upp fyrir mér í ríkisráðinu, en binda ekki enda á málið utan ríkisráðs með konunglegum úrskurði“. Sigurður lét þess þá getið að venjan væri önnur (Agnar Kl. Jónsson 1969, 91–92). Segir meira af Sigurði Eggerz hér að aftan.

Til frekari sannindamerkis um það að um tvær aðskildar krúnur (embætti) var að ræða má nefna að þegar konungur kom til Íslands 1921, 1926, 1930 og 1936 skipaði hann staðgengil sinn til að gegna skyldum sem konungur Danmerkur (Gregersen 1937, 344).<sup>13</sup> Þá var embættistitill konungs ekki fyllilega sá sami í báðum ríkjum því í íslenskum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum var nafn Íslands nefnt fyrir en Danmerkur í dönskum lögum og erindum þarlandra stjórnvalda. Út á við gagnvart þriðja ríki var Danmörk nefnd á undan þar sem þjóðréttarvenja bauð að ríkisheiti væru í stafrófsröð (Gregersen 1937, 345).<sup>14</sup> Konungur Íslands hafði að auki sérstakan konungsfána, hvítan fálka á bláum grunni með séríslenskri kórónu, sem flaggað var á skipi konungs innan íslenskra landhelgi og var enn fremur komið fyrir á bifreiðum þeim er konungi var ekið í hér á landi (Magnús K. Hannesson 2014, 95).<sup>15</sup>

### 3. Þjóðhöfðingjasambönd

#### 3.1 Samanburður við Svíþjóð og Noreg 1814–1905

Fyrir því eru ótal fordæmi að þjóðhöfðingi (keisari, konungur, hertogi eða fursti) sé hinn sami í tveimur eða fleiri fullvalda ríkjum samtímis. Nefna má að Danmörk, Noregur og Svíþjóð gengu í konungssamband árið 1397 sem kennt var við Kalmar. Þegar það leystist upp 1523 hélt konungssamband Danmerkur og Noregs fram til ársins 1814 en með Kílarfriðnum það ár gekk Noregur Danakonungi úr greipum og rann í konungssamband við Svíþjóð svo sem áður var getið. Það samband stóð fram fram til 1905 þegar Norðmenn tóku sér sinn sérstaka konung og fyrir valinu varð Karl Danaprins sem útnefndur var Hákon VII en hann var sonur Friðriks ríkisarfa, síðar Friðriks VIII, og því bróðir Kristjáns prins, síðar Kristjáns X.

Í „Hugvekju til Íslendinga“ árið 1848 notaði Jón Sigurðsson meðal annars réttarstöðu Noregs gagnvart Svíþjóð sem réttlætingu þess að Gamli sáttmáli ætti enn við á Íslandi (Jón Sigurðsson 1848, 1). Þingræði komst á í Noregi 1884, fyrstu Norðurlandarákja. Ráðherrar sátu eftir það í umboði Stórþingsins en er Norðmenn slitu konungssambandinu við Svía 1905 tóku þeir utanríkismálin alfarið í eigin hendur. Þetta var Íslendingum innblástur og forystumenn þjóðarinnar hófu baráttu fyrir áþekku fyrirkomulagi og Noregi hefði tekist að koma á gagnvart Svíþjóð (Stefanía Óskarsdóttir 2017, 26). Ragnhildur Helgadóttir segir í grein sinni „Var litið til Noregs? Áhrif norskrar stjórnskipunar á sjálfstæðisbaráttuna og stjórnarskrá Konungsríkisins Íslands“ að samband Noregs og Svíþjóðar hafi verið viðmið fyrir samband Íslands og Danmerkur allt frá því að Jón Sigurðsson birti grein sína, „Hugvekju til Íslendinga“ og fram til ársins 1918. Samt sem áður sé hvergi vísað til norsku stjórnarskrárinnar eða norskrar stjórnskipunar í lögskýringargögnum með stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 (Ragnhildur Helgadóttir 2017, 103–104).

Af dagbók konungs sést að hann hefur jafnan til hliðsjónar konungssamband Norðs og Svíþjóðar 1814–1905 þrátt fyrir að þar hafi verið um eiginlegt málefнасamband að ræða en vitaskuld var fjöldamargt annað ólíkt með þessum ríkjum, Noregi og Svíþjóð annars vegar og Íslandi og Danmörku hins vegar.

Ótal fleiri dæmi um þjóðhöfðingjasambönd má nefna, en konungur Danmerkur var jafnframt hertogi Slésvíkur og Holtsetalands á árunum 1460–1864 eins og áður var nefnt. Fram á vora daga er Frakklandsforseti einnig fursti Andorra og deilir því hlutverki með biskupnum af Urgell. Austuríska keisaradæmið og konungsríkið Ungverjaland voru í sambandi um einn og sama þjóðhöfðingja á árunum 1867–1918. Á Vínarfundinum 1815 var tekin ákvörðun um stofnun stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem var í þjóðhöfðingjasambandi við konungsríkið Holland fram til ársins 1890. Og erfðareglur Stóra-Bretlands og hertogadæmisins Brunshweig-Lüneburg (síðar konungsríkisins Hannover) gerðu það að verkum að sami maður var þjóðhöfðingi þessara tveggja ríkja á árunum 1714–1837 eða allt til þess tíma er Viktoría var krýnd Englandsdrottning en erfðareglur Hannover leyfðu ekki að kona yrði þjóðhöfðingi.

Á seinni tímum og fram til vorra daga eru vel þekktar fyrrverandi nýlendur Brets sem orðið hafa fullvalda ríki en haldið konungssambandi við móðurríkið og má þar nefna Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland. Englandskonungur er - þegar þetta er ritað - þjóðhöfðingi alls fimmtán ríkja utan Stóra-Bretlands, þar af eru sjö eyríki á Karíbahafi. Sautján ríki sem áður voru í konungssambandi við Stóra-Bretland hafa orðið lýðveldi, en í flestum tilfellum varði konungssambandið aðeins um skamma hríð eftir að viðkomandi ríki öðluðust sjálfstæði frá Stóra-Bretlandi.

### 3.2 Málefнасamband og persónusamband

Þjóðhöfðingjasambönd hafa um langan aldur verið flokkuð í tvennt: málefнасambönd (fr. union réelle) og persónusambönd (fr. union personnelle). Málefнасambönd grundvallast á samningi ríkja um sameiginlegan konung auk sameiginlegrar stefnu í tilteknum málum, einkum utanríkis- og varnarmálum. Þannig var sambandi Austurríkis og Ungverjaland háttað á árunum 1867–1918 og saman fóru ríkin því með ófriði á hendur nágrennaríkjum sínum í suðri og austri árið 1914 og þá upphófst styrjöld sú sem batt enda á valdaskeið Habsborgara sem ráðið höfðu fyrir ríki frá árinu 1282. Milli Danmerkur og hertogadæmanna Slésvíkur og Holtsetalands var málefнасamband. Prússar og Austurríkismönnum buðu Dönum að komið yrði á persónusambandi í aðdraganda ófriðarins 1864 en Danir höfnuðu því (Taylor 1954, 151–152).

Ef milli ríkja er aðeins persónusamband eru þau fyllilega stjórnskipulega aðskilin og staða þjóðhöfðingjans ákvarðast af stjórnlögmum hvors eða hvers ríkis um sig. Þannig má jafnvel hugsa sér að ekki væri stjórnmalasamband milli viðkomandi ríkja og ríkisstjórnir þeirra á öndverðum meiddi í alþjóðastjórnmalum, annað ríkið hlutlaust og hitt í hernaðarbandalagi svo dæmi sé tekið. Konungsríkin Ísland og Danmörk lýstu bæði yfir hlutleysi en Danir gengu þó í Þjóðabandalagið að loknum ófriðnum mikla en Íslendingar ekki. Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra lagði fram tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að Þjóðabandalaginu 1931 en aðild hafði líka komið til tals í tengslum

við Alþingishátíðina árið áður (Alþt. A 1931, aukafing, þskj. 11, 157–159).<sup>16</sup> Þegar Ítalir réðust inn í Abbessíníu 1935 samþykkti Þjóðabandalagið að setja viðskiptabann á Ítalíu. Það varð bindandi fyrir Danmörku sem aðildarríki en ekki Ísland. Á sama tíma gátu því Íslendingar rætt við Ítali og gert við þá viðskiptasamninga með aðstoð dönsku utanríkisþjónustunnar (Svenningsen 1984, 269). Það varð líka úr og undirritaði danski sendiherrann í Róm samninginn fyrir hönd Íslands en Benito Mussolini forsætisráðherra fyrir hönd Ítalíu. Þá var á ríkisstjórnarfundum 21. mars 1938 ákveðið að tillögu utanríkismálanefndar Alþingis að Ísland viðurkenndi hernám Ítala á Abessíníu „með því að embættisbréf sendiherra Dana í Rómaborg, er fer með umboð fyrir Ísland, skuli stílað til konungs Ítalíu og keisara Abessíníu“ (Pétur J. Thorsteinsson 1992, 110). Ríkin tvö gátu því gert þjóðréttarsamninga, tekið þátt í alþjóðasamstarfi og átt aðild að fjölþjóðastofnunum alveg óháð hvort öðru (Berlin 1933, 52–53).<sup>17</sup>

Engar yfirstofnanir voru settar á fót á grundvelli sambandslaganna, þau voru álitin jafnsett og ekki mörkuð sameiginleg stefna. Konungsettin var hin sama og sömu erfðalög giltu en embætti konungs sjálfstæð hvort fyrir sitt ríki líkt og áður hefur verið vikið að. Ríkisborgararéttur var ekki sameiginlegur — hvort ríki um sig gaf út ríkisborgarétt til sinna þegna en hér á landi voru sett lög um það efni sem voru nr. 21/1919. Utanríkismálin voru heldur ekki sameiginleg og meðferð máls af hendi Danmerkur batt ekki Ísland *eo ipso* (Einar Arnórsson 1923, 33). Danmörk annaðist framkvæmd íslenskra utanríkismála og landhelgisgæslu að auki en stefnumörkun í báðum málaflokkum var þó í höndum Íslendinga. Hermál voru ekki heldur sameiginleg. Myntskipan var aftur á móti sameiginleg með Dönum og Noregi og Svíþjóð. Peningar slegnir í Danmörku voru gildir hér á landi en þeir voru það líka í Noregi og Svíþjóð. Engu að síður gat Ísland slegið eigin mynt sbr. 2. mgr. 9. gr. sambandslaganna og varð það úr. Af þeim sökum var myntskipan ekki talin sammál ríkjanna og voru þeir Einar Arnórsson og Knud Berlin þar á einu máli (Einar Arnórsson 1923, 34). Þá gerðist það þegar sumarið 1922 að tekin var upp sérstök gengisskráning íslenskrar krónu og þar með orðinn til séríslenskur gjaldmiðill. Hæstiréttur var aftur á móti í upphafi hinn sami í báðum ríkjum. Íslendingar neyttu þó þegar árið 1919 heimildarákvæðis til stofnunar eigin hæstaréttar. Einar Arnórsson velti því upp að hefði fyrri skipan verið viðhaldið hefði mátt halda því fram allnokkrum rétti að um málefнасamband hafi verið að ræða (Einar Arnórsson 1923, 34). Þá er aðeins eftir að nefna dansk-íslensku ráðgjafarnefndina sem getið er í 16. gr. sambandslaganna. Hún var sameiginleg stofnun með ríkjunum en algjörlega valdalaus (Einar Arnórsson 1923, 35). Dansk-íslenska ráðgjafarnefndin hittist árlega fram til ársins 1939, til skiptis í Alþingishúsinu og Kristjánsborgarhöll.

Það flækir málið allnokkuð að fræðimenn á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar greindi nokkuð á um skilgreiningar hugtakanna persónusamband og málefнасamband. Til að skilja hvað við er átt er nauðsynlegt að gaumgæfa kenningar fræðimanna þessa tíma. Lítum fyrst til skrifra Austurríkismannsins Georgs Jellinek (1851–1911). Persónusamband er ekki ríkjasamband í lagalegum skilningi að hans mati heldur *communio inoidens* en með því er átt við að engin lagatengsl séu milli aðila yfir höfuð en örlögin hafi háttad því svo að þeir eigi eitthvað með sér í sameiningu (Jellinek 1914, 751).<sup>18</sup> Skil-

greining þýska fræðimannsins Emanuels von Ullmann (1841–1913) er mjög áþekkt (von Ullmann 1908, 92–93). Franski fræðimaðurinn, Marcel Moye (1873–1939), aðhylltist einnig þrönga skilgreiningu og sagði að um væri að ræða persónusamband ef ekkert annað sameinaði en konungur (Moye 1928, 139).

Í sögunni má finna mun fleiri dæmi um persónusambönd en málefнасambönd. Sem dæmi um þekkt persónusambönd í okkar heimshluta eru konungssambönd Hannover og Stóra-Bretlands 1801–1807 og 1814–1837 og Lúxemborgar og Hollands 1815–1890 en ólík erfðalög bundu enda á þessi sambönd líkt og áður var getið.

Einar Arnórsson taldi að um væri að ræða málefнасamband þrátt fyrir það sem að framan var nefnt um Hæstarétt en þó afskaplega veikt málefнасamband þar sem það varðaði eingöngu konungserfðir og meðferð valds konungs í fjarveru hans. Féllu sambandslögin aftur á móti úr gildi yrði sambandið persónusamband. Málefнасambandið væri að hans mati „eflaust veikasta málefнасambandið, sem nokkurn tíma hefir til verið“ (Einar Arnórsson 1923, 35–36). Aage Gregersen (1889–1960) dregur þá afdráttarlausu ályktun í doktorsritgerð sinni um þjóðréttarstöðu Íslands að um málefнасamband sé að ræða (Gregersen 1937, 339).

Ítalski þjóðréttarfræðingurinn Angelo Piero Sereni (1908–1967) leit svo á að milli ríkjanna væri málefнасamband vegna fyrirkomulagsins á meðferð utanríkismála (Sereni 1940, 646). Fleischmann taldi að um persónusamband væri að ræða. Á sama máli var þýski lögspekingurinn Franz Eduard Ritter von Liszt (1851–1919) (von Liszt 1925, 97).

Dionisio Anzilotti (1867–1950) var einn kunnasti þjóðréttarfræðingur sinnar tíðar og dómari við Fasta alþjóðadómstólinn í Haag 1921–1946. Skilgreining Anzilotti á konungssambandi tekur mið af því hvort embætti konungs sé sameiginlegt (fr. *organe collectif*) eða hvort hann gegni embætti fyrir hvort ríki um sig (Anzilotti 1929, 191–192). Samkvæmt því hefði verið rétt að líta á konungssamband Íslands og Danmerkur sem persónusamband — enda ekki sama embætti líkt og áður var rakið. Og Íslendingar litu heldur ekki á embætti konungs sem sameiginlega stofnun ríkjanna (Skúli Magnússon 2018, 134).

Síðari tíma fræðimenn hallast því að um að persónusamband hafi verið að ræða. Má þar nefna danska sagnfræðinginn Knud J.V. Jespersen, höfund ævisögu Kristjáns X (Jespersen 2009, 266). Til viðbótar er rétt að nefna að Nils Svenningsen, sem var ráðuneytisstjóri danska utanríkisráðuneytisins á árum síðari heimsstyrjaldar, áleit að milli ríkjanna væri aðeins persónusamband (Svenningsen 1984, 268).<sup>19</sup>

Því má þó velta upp hvaða þýðingu skilgreining á konungssambandinu (persónusamband eða málefнасamband) hafði fyrir stöðu konungs gagnvart fullvalda ríki á Íslandi eða hvort hún hafði yfir höfuð nokkra þýðingu. Alltént virðist vera um persónusamband var að ræða. Helstu skilyrði málefнасambands voru ekki uppfyllt.

## 4. Konungur Íslands

### 4.1 Dvínandi völd konungs

Kristján konungur X hafði sem krónprins gefið skýrt til kynna þá afstöðu sína að konungur gæti við vissar kringumstæður tekið fram fyrir hendurnar á þjóðkjörnum þing-

mönnum. Að hans mati væri hann betur til þess fallinn en stjórnámálamennirnir að túlka „sannan þjóðarvilja“ (Jespersen 2009, 140). Þá hefði hann sem konungur sama rétt og forfeður sínir til að velja ráðherra — nokkuð sem gekk í berhögg við þingræðisfyrirkomulagið sem hafði verið viðurkennt í Danmörku í upphafi aldarinnar (Jespersen 2009, 125). Hvað sem því líður hafði Englandskonungur lengi bein afskipti af vali á ráðherrum. Í ávisögu Georgs VI er meðal annars birt klausa úr dagbók hans þar sem fram kemur að Clement Attlee forsætisráðherra hafi árið 1945 farið að tillögu konungs um skipun utanríkisráðherra þótt Attlee hefði haft annan mann í huga (Wade & Bradley 1966, 172).

Kristján X felldi sig illa við æ dvinandi völd og ef til vill má segja að hann hafi verið 19. aldar maður að þessu leyti. Í nóvember 1912, um hálfu ári eftir að hann tók við völdum, sagði hann í samtali við góðvin sinn C.C. Holstein-Holsteinborg lénsgreifa að einu gildi hvort ráðherrar segðu hann umboðslausan til formlegra athafna — hann stæði engum reikningsskil gjörða sinna nema almættinu (Jespersen 2009, 168–169).

Þrætur konungs við stjórnámálamenn voru rétt að hefjast er hann tók við völdum við andlát föður síns í maí 1912. Í júní árið eftir varð Carl Theodor Zahle forsætisráðherra í ríkisstjórn Róttoka vinstriflokksins og elduðu þeir konungur grátt silfur öll ár ófriðarins (Jespersen 2009, 191). Í árslok 1918 getur konungur í engu stofnunar íslensks konungsríkis í dagbók sinni heldur að nú hylli undir endursameiningu Danmerkur og Slésvíkur (Jespersen 2009, 287). Þar átti konungur við gamla hertogadæmið allt — ekki eingöngu þann hluta þess þar sem dönskumælandi íbúar voru í meirihluta.

Ekkert mál var konungi jafnofarlega í huga næstu misseri. Erik Scavenius utanríkisráðherra gerði konungi grein fyrir því að óskir hans um sameiningu allrar Slésvíkur væru ekki eingöngu óraunhæfar heldur háskalegar fyrir komandi samningaviðræður um suðurlandamæri Danmerkur. Konungur benti utanríkisráðherra sínum á að Íslendingum hefði verið gefinn kostur á að stofna sérstakt konungsríki og því mætti ekki koma í veg fyrir að Slésvíkingar veldu sig til hertoga — enda ætti hann þar réttmæta erfðakröfu (Jespersen 2009, 287). Konungur sá með öðrum orðum fyrir sér að Slésvík yrði fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku — rétt eins og Ísland.

Deilur Kristjáns X og ríkisstjórnar C.T. Zahle um landamæri Slésvíkur leiddu loks til þess 29. mars 1920 að konungur vék stjórninni frá völdum. Þingi var slitið og konungur skipaði ríkisstjórn undir forsæti íhaldsmannsins Carls Juliusar Otto Liebe. Ýmsir stjórnámálamenn og umsvifamiklir kaupsýslumenn studdu þessar aðgerðir konungs og hann var líka hvattur áfram af Paul Claudel, sendiherra Frakka í Höfn, en frönsk stjórnvöld vildu ganga lengra en aðrir bandamenn í að sneiða landsvæði af Þjóðverjum, sbr. innlimum Elsass-Lothringen þar sem stór hluti íbúa var þýskumælandi.

Fjöldamótmæli og allsherjarverkfall fylgdu í kjölfar þess að konungur setti ráðuneyti Zahle af. Deilurnar, sem síðar hafa verið nefndar „páskakrísan“, risu svo hátt að þessu elsta konungdæmi álfunnar var bráð hætta búin. Konungur varð því loks að láta af kröfum sínum og svo fór að skipuð var ný bráðabirgðastjórn undir forystu Thorvalds Stauning, formanns Sósíaldemókrataflokksins, og Slésvík var skipt upp í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðslu íbúanna. Í *Tímanum* var þess getið að málið væri „hið mesta íhugunarefni fyrir okkur Íslendinga“. Blaðið sagði það

sérstaklega hart fyrir okkur Íslendinga að horfa upp á það að sú stjórn sem til fulls viðurkenndi okkar rétt í verki, skuli vera afsett vegna þess að hún vill halda áfram að sýna réttlæti [til handa þýskumælandi íbúum Slésvíkur]. Og að það skuli ekki vera hinir kjörnu fulltrúar dönsku þjóðarinnar sem afsetja hana (Tíminn 1920).

Konungur taldi skyldu sína að grípa inn í teldi hann að Ríkisþingið endurspegladi ekki vilja þjóðarinnar — jafnvel þó að það kostaði að hann gengi gegn þingræðisreglunni (Jespersen 2009, 282). Upplausn stjórnar Zahle var hættuspil og líkast til hefur danska konungdæmið aldrei verið jafnnærri því að verða aflagt. Konungur tefldi djærft rétt í kjölfar þess að flest erfðaveldi álfunnar höfðu liðið undir lok og meira að segja ýmsir konungbornir orðnir landflótta til Danmerkur, þar á meðal föðursystir konungs, María Fjodorovna, fyrrum keisaraynja Rússlands og móðir Nikulásar II keisara.

Hirðmenn Kristjáns X höfðu allan vara á á þessum háskatímum og einn þeirra „útbjó nákvæma áætlun um brottflutning konungsfjölskyldunnar til Reykjavíkur, yrði slíkt nauðsynlegt“. Við hirðina sáu menn með öðrum orðum það sem „raunhæfan möguleika að konungdæmið félli í Danmörku og litu þeir í því sambandi á stöðu konungs sem konungs Íslands sem hugsanlega líflínu [d. redningsplanke]“ (Jespersen 2009, 267). Svo fór að konungur var þvingaður til að skipa nýja utanþingsstjórn sem naut trausts þingsins en sú stjórn sat fram að kosningum. Aldrei síðan hefur þjóðhöfðingi Dana skipað utanþingsstjórn.

#### 4.2 Meðferð utanríkismála

Fáir málaflokkar stóðu Kristjáni X jafnnærri og utanríkismálin. Öll stríðsárin hafði hann haldið leynilegu sambandi við bresk stjórnvöld og veitt þeim upplýsingar um hernaðaráætlanir Þjóðverja - á grundvelli skýrslna Eriks Scaveniusar utanríkisráðherra. Rannsóknir danska fræðimannsins Ole Lange (1937–2017) á breskum skjölum leiddu í ljós að konungur var Bretum afar mikilsverður heimildarmaður sem endurspegladi vinarþel hans í garð Breta og um leið andstöðu hans við þýska útpennslustefnu (Lange 1988, 22). Hér er líka rétt að geta þess að þeir Kristján X og Georg V Englandskonungur voru systkina börn og höfðu þekkt frá barnæsku, en Georg V var sonur Alexöndru Danaprinsessu, dóttur Kristjáns IX.

Því fór fjarri að stefna dönsku ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum færi alltaf saman við afstöðu konungs. Árið 1916 lágu fyrir drög að samningi um kaup Bandaríkjamanna á Dönsku Jómfrúareyjum fyrir 35 milljónir gulldala sem samsvaraði um helmingi útgjalda danska ríkisins á ári. Samhliða samkomuláginu viðurkenndu Bandaríkjamenn forráðarétt Dana á öllu Grænlandi. Konungur lagðist öndverður gegn því að eyjarnar rynnu Dönnum úr greipum en varð að beygja sig undir vilja þingmeirihlutans (Jespersen 2009, 255).

Stöðu Kristjáns X í þessu efni er fróðlegt að bera saman við afskipti bróður hans, Hákons VII Noregskonungs, af þarlandum utanríkismálum en allt fram til loka ófriðarins mikla hafði það alloft hent að Noregskonungur hefði með beinum hætti haft áhrif á ákvarðanir í utanríkismálum. Völd í konungs í utanríkismálum nutu viðurkenningar

ríkisstjórnar Noregs þar eð ljóst var að konungur hafði umtalsvert áhrifavald á erlendum vettvangi, ekki hvað síst vegna tengsla sinna við konungsfjölskyldur nágrannaríkjanna. Hákon VII var ekki einasta bróðir Kristjáns X heldur var Georg V Englandskonungur mágur hans og þeir að auki systkinabörn (Greve 1983, 97).

Utanríkismál höfðu verið á könnu stjórnarinnar í Stokkhólmi á dögum konungssambands Noregs og Danmerkur 1814–1905 og sú skipan valdið deilum milli ríkjanna. Eftir að konungsvaldið fluttist inn í landið héldu stjórnvöld í Kristjaníu utanríkismálunum þétt að sér og Stórþingið var lítt upplýst um málaflokkinn. Veruleg breyting varð ekki í því efni fyrr en utanríkismálanefnd var stofnuð við Stórþingið árið 1917 (Greve 1983, 97). Tilkoma nefndarinnar veikti tengsl utanríkisráðherra og konungs þar eð utanríkisráðherra gat illa haft hvort tveggja í senn sér til ráðgjafar, þingið og konung. Hákon konungur lét þó aldrei hjá líða að gagnrýna meðferð utanríkismála ríkisstjórnar Noregs sæi hann ástæðu til og áleit það beinlínis skyldu sína. Við bættist að konungur var sérlegur áhugamaður um utanríkismál og las greinargerðir um málaflokkinn af áfergju. Þannig skapaðist meðal annars sú regla að formaður sendinefndar Norðmanna á þingi Þjóðabandalagsins gæfi konungi skýrslu að því loknu (Greve 1983, 98).

Að sama skapi var Ríkisþingið danska lítt upplýst um utanríkismál fram til loka ófriðarins mikla. Utanríkisþjónustan hélt málaflokknum þétt að sér og konungur hafði mikilvægu hlutverki að gegna. Það var ekki fyrr en árið 1923 sem fastanefnd Ríkisþingsins um utanríkismál var stofnuð og óbreyttir þingmenn gátu loks fengið innsýn í þennan mikilvæga málaflökk.

Þá var stofnuð sérstök fastanefnd í sameinuðu Alþingi árið 1928 til að annast utanríkismál. Frumvarp til laga um stofnun þeirrar nefndar (með breytingu á þingskaparlögum) flutti Héðinn Valdimarsson, þingmaður Alþýðuflokks, í neðri deild Alþingis árið 1928. Samkvæmt frumvarpinu skyldi vísa til nefndarinnar öllum utanríkismálum er kæmu til kasta Alþingis og yrði ríkisstjórn skylt að bera slík mál undir nefndina sem upp kynnu að koma milli þinga. Að mati flutningsmanns hafði Alþingi frá stofnun konungsríkisins fengið litlar upplýsingar um utanríkismálin. Til umræðna um mikilvæg utanríkismál hefðu af og til verið kallaðir saman „leynifundir í þinginu eða leynifundir þingmanna innbyrðis og leitað álits þingmanna á þann hátt“ (Björn Þórðarson 1956, 426–427). Héðinn taldi sér í lagi nauðsynlegt að utanríkismálanefnd hefði starfað í nokkur ár og haft undirbúning áður en kæmi til þess að sambandslagasamningnum yrði sagt upp. Frumvarpinu var vel tekið og það samþykkt samhljóða í báðum þingdeildum (Alþt. 1928 A 47, C 210–215, A 221, 265, 269, 292, 428, B 3147–3184, B 4862–4863).

Meðferð utanríkismála færðist æ meira á hendur Íslendinga eftir því sem leið á þriðja áratuginn og Íslendingar skipuðu snemma nokkra viðskiptafulltrúa án atbeina danska utanríkisráðuneytisins. Í huga margra íslenskra forystumanna voru utanríkismálin „kjarni fullveldisins“ og því bar snemma á umræðum um stofnun embættis íslensks utanríkisráðherra en einkum hömluðu þó fjarhagsvandræði því að Íslendingar tækju af skarið í þessum efnun (Guðmundur Jónsson 2018, 111). Bjarni Jónsson frá Vogu lagði fram þingsályktunartillögu í febrúar 1921 þess efnis að íslendingar kæmu sér upp utanríkisþjónustu og skipuðu sína eigin sendiherra. Johannes Erhardt Böggild, sendiherra Dana,

skrifaði heim til Hafnar og taldi tillöguna til þess fallna að valda deilum milli ríkjanna (Jakob Þór Kristjánsson 2021, 75).

Stofnun íslensks utanríkisráðuneytis og skipan íslensks utanríkisráðherra gat ekki orðið nema með breytingum á sambandslagasamningnum og að mati danskra embættismanna voru breytingar óheppilegar. Jóni Magnússyni forsætisráðherra mislíkaði stórum tillaga Bjarna frá Vogu en Jón lýsti ánægju sinni með þá aðstoð sem danska utanríkisþjónustan veitti Íslendingum. Íslendingar gætu vart sinnt skyldum fullvalda ríkis á þessu sviði sökum lítilla efna (Jakob Þór Kristjánsson 2021, 76–77).

Það hafði verið afstaða Kristjáns konungs X að ríkti samstaða um utanríkismál milli hans og ríkisstjórnar hverju sinni væri engin ástæða til að blanda öðrum stjórnsmálum í málin (Jespersen 2009, 224–225). Konungur taldi og að í krafti stöðu sinnar og tengsla við konungsættir álfunnar bæri hann sjálfstæða ábyrgð á fyrirsvari ríkisins út á við. Öll ár ófriðarins mikla var konungur virkur þátttakandi í utanríkisþólitík danska ríkisins og enginn vafi á að hann átti sinn þátt í því að ekki kom til þess að Danir drægjust með beinum hætti í stríðsátökin sem leiddu að lokum til þess að allir konungbornir þjóðhöfðingjar innan þýska keisaradæmisins voru settir af og sömuleiðis keisarar Austurríkis og Rússlands (Jespersen 2009, 226).

Þau umskipti sem urðu á stjórnarháttum í álfunni í kjölfar ófriðarins mikla með stofnun fjölda nýrra lýðveldi í stað konungsríkja hlutu að draga úr völdum konungs á sviði utanríkismála (Jespersen 2009, 229). Í huga Kristjáns X kom þó ekki til álita að Íslendingar stofnuðu eigin utanríkisþjónustu en fyrst kastast þó verulega í kekki með konungi og íslenskum ráðamönnum þegar opinberlega er ljáð máls á uppsögn sambandslagasamningsins.

### 4.3 Konungur hótar afsögn

Sigurður Eggerz, fyrrverandi forsætisráðherra og eini þingmaður Frjálslynda flokksins, bar upp svohljóðandi fyrirspurn á fundi í neðri deild Alþingis 1928:

Vill ríkisstjórnin vinna að því að sambandslagasamningnum verði sagt upp eins fljótt og lög standa til, og í því sambandi íhuga eða láta íhuga sem fyrst, á hvern hátt utanríkismálum vorum verði komið fyrir bæði sem haganlegast og tryggilegast, er vér tökum þau að fullu í vorar hendur (Alþt. A, 120).

Ýmsum þótti fyrirspurnin ekki tímabær enda þrettán ár þar til samningstíminn rynni sitt skeið. En Sigurður gerði rökstudda grein fyrir fyrir ástæðu fyrirspurnarinnar í tveimur liðum. Annars vegar teldi hann jafnréttisákvæði 6. gr. sambandslaganna beinlínis hættulegt Íslendingum og hins vegar væri víðtækt umboð Dana til að annast utanríkismál Íslendinga óviðunandi að hans mati. Til viðbótar kvað Sigurður upprennandi stjórnsmálaflokk í landinu líta á jafnréttisákvæðið „sem nokkurskonar bróðurkærleikaákvæði“. Umræddur flokkur (Alþýðuflokkurinn) þægi styrk frá systurflokki sínum í Danmörku og taldi Sigurður að aukið fylgi flokksins gæti orðið hættulegt fyrir úrslit atkvæðagreiðslu



um sambandslögin þegar þar að kæmi. Þá kvað hann hættu á að jafnréttisákvæðið kynni að leiða til þess að danskar útgerðir sæktust eftir að hefja starfsemi í íslenskum sjávarútvegi. Las Sigurður upp úr bæklingi Marinusar Larsen Yde, *Et stort Havfiskeri. Et større Danmark*, um það efni. Sigurður taldi sig vera í pólitískri einveru í þessu máli og vildi kalla eftir afstöðu annarra flokka, en hann var þá eini þingmaður Frjálslynda flokksins. Endir var bundinn á þá einveru árið eftir þegar flokkurinn rann saman við Íhaldsflokkinn og Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður.

Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra svaraði fyrirspurn Sigurðar Eggerz með svo-felldu oraðlagi: „Ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn telur það alveg sjálfsgagt mál, að sambandslagasamningnum verði sagt upp svo fljótt og lög standa til ... m.a. til þess að vér tökum utanríkismálin að fullu í vorar hendur.“ Magnús Guðmundsson svaraði fyrir Íhaldsflokkinn: „Ég tek undir það sem forsætisráðherra sagði um uppsögn sambandslagasamningsins. Ég held, að engum geti blandast hugur um það að við ættum að nota uppsagnarákvæðið.“ Héðinn Valdimarsson, alþingismaður Alþýðuflokks, gekk mun lengra í sinni tölu:

Við erum ásáttir um það að segja upp samningnum við Dani og láta íhuga sem fyrst á hvern hátt utanríkismálum vorum verði komið fyrir, er vér tökum þau að fullu í vorar hendur. En við vildum bæta við, að það er okkar álit, að konungssambandinu milli Íslands og Danmerkur eigi að slíta að fullu svo fljótt sem hægt er.

Rétt er að hafa í huga að á þriðja áratug síðustu aldar voru sósíaldemókratar á Norður-löndum enn andsnúnir konungsvaldi og fylgjandi lýðveldisstofnun. Þetta birtist meðal annars í því að þeir þáðu ekki orður og skáru sig þannig úr í opinberum veislum en orður hafa um langan aldur verið eins konar embættistákn, veitt af konungi.<sup>20</sup> Þá má einnig ætla að Héðni hafi verið mjög í mun að svara Sigurði Eggerz með afdráttarlausum hætti — tengsl Alþýðuflokksins við danska sósíaldemókrata myndu ekki hafa nein áhrif á afstöðu íslenskra sósíaldemókrata til sambandslagasamningsins.<sup>21</sup> Stofnun lýðveldis kom annars næstum aldrei til umræðu á þessum árum þó svo að þorri þingheims sæi fyrir sér að sambandslagasamningurinn yrði ekki framlengdur og Íslendingar tækju framkvæmd utanríkismála alfarið í eigin hendur enda konungsvaldið eitt og sambandslögin annað svo sem áður hefur verið vikið að.

Sigurður Eggerz þakkaði forsætisráðherra og talsmönnum Íhaldsflokks og Alþýðuflokks fyrir skýrar yfirlýsingar en tók fram að stjórnarfyrrirkomulagið eftir kosningar um sambandslagasamninginn væri hér ekki til umfjöllunar því eins og kunnugt væri hefði uppsögn sambandslagasamningsins ekki áhrif á konungssambandið (Alþt. 1928 A 120, D 401–417).

Konungi barst skýrsla Franks le Sagae de Fontenays, sendiherra í Reykjavík, um þessa umræðu á Alþingi nokkrum vikum síðar. Sendiherrann hafði verið í jöklaleiðangri og því ekki haft tíma til að skrifa um málið fyrr. Oluf Krag innanríkisráðherra nefndi í samtali við konung nokkru síðar að hann hefði talið málum blandið hvort Fontanay hefði

skilning á stöðu sinni sem sendiherra. Konungur tók undir þessi orð og kvaðst ekki skilja hvers vegna Fontenay hefði orðið fyrir valinu sem sendiherra í Reykjavík en hann hafði áður gegnt stöðu skjalavardar í utanríkisráðuneytinu. Kristján konungur og Krag innanríkisráðherra ræddu í kjölfarið um brottvikningu Fontenay. (Jespersen 2018, 266). Aldrei kom þó til þess að sendiherranum yrði vikið frá.

Skrif Marinusar Larsens Yde, sem komið höfðu róti á huga íslenskra ráðamanna, urðu líka umtalsefni í höllu konungs (Jespersen 2018, 259–260). Yde var konsúll í Esbjerg á Jótlandi. Hann hafði árið 1926 gefið út áðurnefndan bækling *Et stort Havfiskeri – Et større Danmark* sem Sigurður Eggerz hafði lesið upp úr á fundi neðri deildar Alþingis. Þar benti Yde löndum sínum á hversu litlar úthafsveiðar þeir stunduðu og hvatti þá til að fylgja fordæmi Norðmanna og hefja veiðar við strendur Íslands og Grænlands. Þetta var að hans áliti baráttan fyrir „*Et større Danmark*“. Í *Politiken* sagði 28. október 1926 í íslenskri þýðingu: „Í Esbjerg er nú verið að ræða um stofnun hlutafélags til að stunda fiskveiðar á höfum úti. Málið er þegar komið á góðan rekspól. Farið verður að mestu eftir tillögum Yde konsúls. Fraenkel þingmaður gerir ráð fyrir því að höfuðstóll félagsins verði 10 milljónir króna.“ Í frétt um málið hér á landi sagði að án efa myndu skip félagsins aðallega stunda veiðar við Ísland þar sem þau nytu sömu réttinda og íslensku skipin og gætu haft hér bækistöðvar. Þetta yrði skæður keppinautur íslenskra útgerða (Fréttir og auglýsingar 1926). Í skrifum konsúlsins var meðal annars vikið að því að Íslendingar gætu lagt til vinnuaflið í þessa fiskvinnslu en Danir fjármagnið en á þessum tíma var sjávarútvegur orðinn blómleg atvinnugrein á Íslandi með innlendu hlutafé.

Tryggvi Þórhallsson gekk á konungsfund 1. maí 1928 og í dagbókina skrifar konungur að hann hafi tjáð forsætisráðherra sínum að hann taki næri sér gagnrýni Íslendinga á meðferð íslenskra utanríkismála hjá dönsku utanríkisþjónustunni. Íslendingum væri frjálst að taka utanríkismálin í eigin hendur en yrði það reyndin vildi hann ekki lengur sitja í embætti konungs Íslands. Hann hefði samþykkt að taka við titlinum 1918 á þeirri forsendu að framkvæmd utanríkismála væri á einni hendi (Jespersen 2018, 269).<sup>22</sup>

Á fundi með Thomas Madsen-Mygdal forsætisráðherra 14. mars 1928 kvaðst konungur vilja biðjast lausnar sem konungur yrðu utanríkismál Íslands ekki áfram í danski umsjá, en konungur margaréttar þessa afstöðu sína í dagbókinni. Sameiginleg meðferð utanríkismála sé forsenda sambandsins — ella vilji hann ekki lengur vera konungur Íslands.<sup>23</sup> Konungur getur þess að vegna heilsuleysis Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra sé hann lítt upplýstur um gang mála í eyríkinu og ríkisráðið íslenska svo til óstarfhæft. Aðkoma hans að íslenskum málum felist ekki í öðru en undirritun skjala.<sup>24</sup> Og það er engu líkara en konungur sjái fyrir sér hálfgerðar þvingunaraðgerðir sem eigi þá að leiða Íslendingum fyrir sjónir hversu óviðbúnir þeir séu að annast öll sín mál: Rétt væri að fela þeim sjálfum landhelgisgæslu alfarið og sjá hvað þeir segja þá (Jespersen 2018, 263–264).<sup>25</sup>

Áfram halda fundahöld konungs vegna þessa máls en 21. mars 1928 er Laust Jevsen Moltesen utanríkisráðherra mættur í höllu konungs til að ræða skýrslu Fontenays sendiherra um fyrirspurn Sigurðar Eggerz og umræðuna sem átti sér stað á hinum margumrædda fundi í neðri deild Alþingis. Moltesen slær á áhyggjur konungs. Íslendinga brýsti kjark til að segja upp sameiginlegri meðferð utanríkismála.<sup>26</sup>

Thomas Madsen-Mygdal forsætisráðherra réð konungi eindregið frá því að blanda sér í umræður um málið. Konungur ítrekaði þá að séríslensk utanríkisþjónusta kæmi ekki til álita. Ekki er annað að skilja af dagbókarfærslum konungs að reiði hans stigmagnist og hann nefnir ítrekað afsögn en sagt var að einn helsti akkilesarhæll Kristjáns konungs hefði verið hversu illa hann tók jafnan ráðum og tillögum sem gengu gegn hans fyrirfram mótuðu afstöðu (Jespersen 2009, 140).

Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra fullvissaði konung um að þau drottningin nytu mikillar virðingar á Íslandi og engin vildi slíta þau bönd er byndu ríkin saman — þvert á móti (Jespersen 2018, 269).<sup>27</sup> Erfitt er að fullyrða um stuðning almennings á Íslandi við konung líkt og Tryggvi gerði á konungsfundi. Vitaskuld var þetta löngu áður en skoðanakannanir hófu innreið sína en vert væri að rannsaka viðhorf Íslendinga til íslensku konungsfjölskyldunnar og konungdómsins frá 1918 og fram að hernámi Danmerkur 1940. Hvað sem vinsældum konungs leið þá er ljóst að hann taldi ekki annað fært en meðferð utanríkismála yrði í höndum sömu stofnunar ætti konungssambandið að haldast, starfræksla tveggja utanríkisþjónusta kæmi ekki til álita. En viðhorf í þessu efni voru óðum að breytast. Þannig tóku Kanadamenn og Írar utanríkismálin í eigin hendur um þær mundir þrátt fyrir að vera í konungssambandi við Stóra-Bretland og athygli vekur að íslenskir ráðamenn eru vel upplýstir þar um. Það varð og reyndin eftir hernám Danmerkur að Kristján X var að nafninu til konungur tveggja ríkja sem hvort um sig starfrækti sína utanríkisþjónustu.<sup>28</sup> En þá höfðu heimsmálin tekið stakkaskiptum. Ekki liggja fyrir dagbækur konungs um málefni er varða Ísland á ofanverðum fjórða áratugnum og þeim fimmta. Þó er ekki óvarlegt að ætla að viðhorf hans gagnvart séríslenski utanríkisþjónustu hafi mildast eftir því sem leið á fjórða áratuginn, enda auðsætt að engir alvarlegir meinbugir voru á því í reynd gagnvart konungi að Íslendingar tækju framkvæmd utanríkismála í eigin hendur. Þó er skiljanlegt að konungi hafi fundist ankannalegt að vera í forsvari fyrir utanríkismál tveggja ríkja sem rækju ólíka stefnu. Með sameiginlegri utanríkisþjónustu var tryggt ákveðið samráð og samræming þó ólík stefna væri ekki útilokuð eins og dæmin sanna.

Sumarið 1929 sló Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra enn á áhyggjur konungs og fullyrti að enginn stuðningur væri við sambandsslit. Tryggva var mjög í mun að áréttu við konung að hann nyti stuðnings íslensku þjóðarinnar og sjálfur virðist konungur hafa trúað að svo væri úti um landið — andstaðan væri einkum í höfuðstaðnum. Í einkaskjalasafni Tryggva, sem er í vörslu erfingja hans og höfundur fékk aðgang að, er að finna nokkur persónuleg bréf Alexandrínu drottningar til Önnu Klemensdóttur, konu Tryggva, en sömuleiðis kvittanir fyrir móttöku jólagjafa frá konungshjónunum. Þá gekk mágur forsætisráðherra, Halldór Vilhjálmsson, skólastjóri á Hvanneyri, á konungsfund 1931. Samskipti þessara fjölskyldna virðast hafa verið innileg og nokkuð nán. Þá er ekki annað að sjá af dagbókarfærslum konungs en að vel hafi farið á með honum og íslenskum ráðherrum heilt á litið.

Fyrirspurn Sigurðar Eggerz og umræðurnar um hana vöktu athygli danskra stjórnmalamanna og var málið tekið til umræðu á fundi dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar í Reykjavík í júní 1928. Af Íslands hálfu sátu þá í nefndinni Einar Arnórsson, Jóhannes

Jóhannesson, Jón Baldvinsson og Jónas Jónsson. Formaður danska hluta nefndarinnar, Frederik Borgbjerg, vakti máls á því að þar sem alþingismenn hefðu lýst þeirri skoðun í þingsölum að Íslendingum stafaði hættu af jafnréttisákvæðinu í 6. gr. sambandslaganna þá væri rétt að menn gæfu gaum að því hvaða áhrif það hefði haft í reynd. Málið var tekið upp aftur á fundi nefndarinnar árið eftir en þá hafði nokkurt talnaefni verið dregið saman. Samkvæmt því þá voru 1200 Íslendingar heimilisfastir í Danmörku, þar af 800 í Kaupmannahöfn. Að mati dönsku nefndarmannanna hefðu Íslendingar enga ástæðu til að óttast afleiðingar ákvæðisins. Fiskveiðar Færeyinga hér við land hefðu farið minnkandi og væru að mestu utan landhelgi og sjálfir hefðu Íslendingar ábata af þeim veiðum því þeir keyptu mikið af aflanum fyrir lágt verð. Erfitt væri að meta hvort Danir eða Íslendingar hefðu meiri hag af 6. gr. sambandslaganna en svo mátti jafnvel skilja dönsku fulltrúana að í reynd nytu Íslendingar mun fremur góðs af því en Danir og að gagnrýni íslenskra stjórnámálamanna lýsti óbilgirni. Einar Arnórsson gat þess þá að Íslendingar hefðu gengist inn á ákvæðið í samningunum 1918 því ella hefðu Danir ekki fallist á fullveldi Íslands. Engin tillaga var borin upp til ályktunar um málið (Rigsarkivet, 138, 146–149).

## 5. Niðurstöður

Ef undan er skilin áðurnefnd ræða Héðins Valdimarssonar í neðri deild Alþingi 1928 og deilurnar í kjölfar þingrofsins 1931 þar lítið á tali um uppsögn konungssambandsins fyrr en eftir hernám Danmerkur 1940 þegar Alþingi tók til sín konungsvaldið.

Við blasir að samband ríkjanna var á veikt í þeim skilningi að ekki var um neina sam-eiginlega yfirstofnun þeirra að ræða og embætti konungs aðskilin fyrir hvort ríki um sig. Segja má að konungssambandið hafi verið veikt þar eð ríkjasambandið var veikt. Þetta er ekki ólíkt öðrum persónusamböndum bæði fyrr og síðar, en flest rök hníga að því að rétt sé að skilgreina sambandið sem persónusamband — þó svo að deila megi um hvort sú skilgreining hafi haft mikla hagnýta þýðingu. Veikt konungssamband hafði það þó ekki sjálfkrafa í för með sér að hið sama gildi um samband Íslendinga og konungs. Mátti þannig sjá fyrir sér að skorðið yrði enn frekar á samband ríkjanna án þess að það haggæði stöðu konungs sem þjóðhöfðinga á Íslandi.

Stofnun séríslensks konungsríkis 1918 er áhugavert að skoða í ljósi þess fjölda konungsríkja sem voru í bígerð á hernámssvæðum miðveldanna misserin á undan. Um-ræðan um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og tenging við kröfur Dana til Slésvíkur varð ekki hávær fyrr en að stríði loknu — með falli þýska keisaradæmisins. Konungsríkið Ísland er þannig á vissan hátt fulltrúi „gamla tímans“ í stjórnskipunarsögu álfunnar fremur en þess nýja sem fylgdi í kjölfar ófriðarins mikla með stofnun fjölda nýrra lýðveldi (ellegar konungsríkja að nafninu til, líkt og Ungverjalands og Póllands).

Allt fram á þriðja áratug síðustu aldar voru konungbornir þjóðhöfðingjar áhrifa-miklir gerendur við stjórn ríkja í Norðurálfu — sér í lagi þegar kom að utanríkismálum en konungsvaldi hnignar mjög hratt í kjölfar ófriðarins enda höfðu mál skipast svo að fjöldi erfðavelda hafði liðið undir lok við fall miðveldanna. Hvað sem því líður sést af

dagbók Kristjáns konungs X að hann leit á utanríkismálin sem kjarna konungdómsins og hann var fastur í hinni fornu skipan — ekki kæmi til álita annað en aðeins ein utanríkisþjónusta starfaði í hans umboði. Þar hafði hann sér í lagi hugann við samband Noregs og Svíþjóðar 1814–1905 en virtist lítt taka mið af því að konungssamband Íslands og Danmerkur var annars eðlis og mun laustengdara auk þess sem a.m.k. Kanada og Írska fríríkið — sjálfstjórnarvæði (e. dominions) sem heyrðu undir bresku krúnuna — höfðu á sama tíma tekið æ stærri hluta utanríkismála í eigin hendur.

Ein höfuðröksemd Sigurðar Eggerz fyrir uppsögn sambandslagasamningsins var að jafnréttisákvæðið væri Íslendingum hættulegt og sú skoðun virðist hafa verið útbreidd hérlendis og þá allt frá upphafi. Aftur á móti blasir við að það voru að endingu Íslendingar sem mun fremur nutu góðs af því en Danir með því að eiga greiðan aðgang að mennta-, menningar- og viðskiptalífi eins helsta menningarríkis í norðurhluta álfunnar þar sem landsframleiðsla á mann var með því hæsta sem þekktist í veröldinni. Slíkt var ómetanlegt fámennri þjóð á afskekktu eyju sem hafði stofnað ríki sem var veikburða í flestu tilliti.

Seinni tíma fræðimenn hafa gjarnan litið svo á að með stofnun konungsríkisins Íslands hafi verið komið á tímabundnu ástandi stjórnskipunar og hinn þungi straumur tímans hafi legið til íslensks lýðveldis, sbr. tilvísun að framan til danska sagnfræðingsins Knuds Jespersen. Undirritaður telur óvarlegt að fullyrða um þetta með jafnafgerandi hætti og vant hefur verið. Stofnun lýðveldis ber vart á góma fyrr en eftir hernám Danmerkur 1940 og tilvitnuð ummæli Héðins Valdimarssonar í þingræðu 1928 ber að skoða í ljósi stefnu norræna sósíaldemókrata á þeim tíma annars vegar og þess að alþýðuflokksmönnum hefur vitaskuld verið í mun að svara alvarlegum ávirðingum Sigurðar Eggerz með afgerandi hætti hins vegar. Ekki leið á löngu uns danskir sósíaldemókratar og aðrir vinstrimenn tóku konung að mestu í sátt og urðu í besta falli „þolinmóðir afhrópunarmenn“ líkt og Halldór Kiljan Laxness kallaði það í grein í *Þjóðviljanum* 1939 (Halldór Kiljan Laxness 1939).

Vinsældir dönsku konungsfjölskyldunnar hér á landi yrðu verðugt rannsóknarefni en stopular heimsóknir Kristjáns X til konungsríkis síns í norðurhöfum er ekki endilega rétt að taka til merkis um áhugaleysi á íslenskum málum. Konungsför hingað norðureftir var gríðarlega umfangsmikið og kostnaðarsamt fyrirtæki og þá má nefna að Georg V Englandskonungur heimsótti aldrei Írska fríríkið þann tíma er hann var konungur þess. Að sama skapi var ekki óeðlilegt að konungur fjarlægðist íslensk mál þegar á það er litið hversu stopulir fundir hans voru með íslenskum ráðherrum og samskiptin að mestu í formi símskeyta. Konungur var lítt afskiptasamur um íslensk málefni á umræddu tímabili og rétt er að taka undir með Svani Kristjánssyni stjórn málafræðingi sem segir eiginlegt þjóðhöfðingjavalld hafa skort á tíma konungsríkisins allt þar til ríkisstjóri var kjörinn 1941. Hvaða áhrif fjarvera konungs hafði til lengri tíma á íslensk stjórnmal og íslenska stjórnskipan yrði fróðlegt rannsóknarefni.

## Aftanmálsgreinar

- 1 „Episcopum sum habent pro rege; ad illius nutum respicit omnis populus; quicquid ex Deo, ex scripturis, ex consuetudine aliarum gentium ille constituit, hoc pro lege habent.“ Venjulega hefur verið miðað við að Ísland hafi komist undir yfirráð Noregskonungs 1262 en Sverrir Jakobsson sagnfræðingur (f. 1970) hefur þó nýlega bent á að Ísland hafi — að minnsta kosti frá því á elleftu öld — verið á áhrifasvæði Noregskonungs og í reynd þá vaxi ítök og áhrif konungs hér á löngum tíma, allt frá því snemma á 13. öld. Ekki sé hægt að segja að því verki sé lokið fyrr en með lögfestingu *Jónsbókar* 1281 (Sverrir Jakobsson 2021, 571–592).
- 2 Eyjarnar á Norður-Atlantshafi voru undanskildar þegar norska konungsríkið var tekið undan dönsku krúnunni með Kílarsamningnum og eftir stóð meðal annars „skattlandið“ Ísland með óljósa stöðu. Jón Sigurðsson (1811–1879) taldi að landið væri þó ekki hjálenda heldur í reynd sjálfstætt ríki undir dönsku krúnunni og þetta varð almenn afstaða Íslendinga frá því um miðja 19. öld.
- 3 Málum var raunar þannig fyrir komið að Láenborg var í konungssambandi við Holtsetaland sem aftur var í konungssambandi við Danmörku.
- 4 Danakonungur hafði orðið hertogi í Slésvík og greifi í Holtsetalandi 1470. Fjórum árum síðar samcinaðist Holtsetaland greifadæminu Stórmæri og landssvæðinu Þéttmerski (Gregersen 1981, 192, 195). Þessi ríki voru öll nefnd í heiti Danakonungs til ársins 1972 er Margrét II varð drottning.
- 5 Bretar keyptu nýlendur Dana á Indlandi og í Afríku á árunum 1845–1850. Samkvæmt 5. gr. Kílar-samningsins skyldu Ísland, Færeyjar og Grænland ekki fylgja með Noregi, en verða þess í stað hluti Danaveldis. Í dönsku lagamáli var vísað til Íslands og Færeyja sem *besiddelse* eða *biland* og verður hér notast við hugtakið hjálenda í þessu sambandi. Sjá 6. gr. verslunarsamnings Danmerkur og Bandaríkja Ameríku, dags. 26. apríl 1826 (Jón Sigurðsson 1853a, 73–74). Cancellie-skrivelse til Rentekammerie amg. Udgivelse til Island af nogle almindelige Lovbud, dags. 22. apríl 1821 (Jón Sigurðsson 1853a, 66). Justminiseriets Bekendtgørelse angaaenda Andholdelse og Udlevering af desentede belgiske Skibsfolk (Jón Sigurðsson 1853b, 257).
- 6 Á árunum 1932–1976 gerði Duarte Nune, hertogi af Braganza, tilkall til portúgölsku krúnunnar, en hann var næstur til ríkiserfða í Portúgal við andlát Manúels II, fyrrverandi konungs. Nune hertogi varð aldrei konungur og dvaldi í útlegð alla sína ævi. Sem unglingur var hann við nám meðal Benediktína í klaustrinu í Clervaux í Lúxemborg (fr. Abbaye Saint-Maurice et Saint-Maur de Clervaux) á sama tíma og Halldór Kiljan Laxness, sem segir frá kynnum þeirra í bókinni *Dagar hjá múnkum*.
- 7 Ákveðið hafði verið að Wolfgang, sonur Friðriks Karls, yrði krónprins Finnlands. Hann var ekki elsti sonur tilvonandi konungs, en sá elsti sem var ókvæntur og til stóð að hann fyndi sér finnskt kvonfang.
- 8 Áður en tekin var ákvörðun um stofnun Sameinaða baltneska hertogadæmisins höfðu þýskumælendi menn á Kúrlandi og Semgallen (núverandi Lettlandi) lýst yfir stofnun hertogadæmis og boðið Vilhjálmi II keisara krúnuna. Hið nýja hertogadæmi yrði því í konungssambandi við Þýskaland.
- 9 Stórhertogadæmið Mecklemburg-Schwerin var meðal þeirra þýsku erfðavelda sem hurfu með falli keisaradæmisins, en Alexandrína, drottning Danmerkur og síðar Íslands, var dóttir Friðriks Frans III stórhertoga þess og Anastasíu Mikhallovana stórhertogaynju, en Anastasía var barnabarn Nikulásar I Rússakeisara. Löng venja var fyrir því að Danakonungar sæktu sér kvonfang til þýskra hertoga- og furstafjölskyldna — og ekki hvað síst til Mecklemburg en þaðan komu sem dæmi Sófía, drottning Friðriks II, og Louise, drottning Friðriks IV. Þetta var vitaskuld löngu áður en konungbornu fólki leiðst að ganga í hjúskap með fólki af borgaralegum ættum en fram yfir miðja tuttugustu öld var talið mikilvægt að aðalsfólk héldi sig fjarri daglegum stjórnmálum og öðrum flokkadráttum. Liður í því var að amast við hjúskap þeirra við fólk af svokölluðum lægri stigum samfélagsins. Því fór þó fjarri að Kristján X væri óháður flokkadráttum í dönsku þjóðfélagi (Jespersen 2009, 152).
- 10 Án þess að það hafi þýðingu fyrir efnið má velta því upp hvort konungsríkið Ísland sé formlega stofnað fyrr en með setningu stjórnarskrár þess árið 1920.
- 11 Ýmis fleiri dæmi eru um að konungar þingbundinna konungsríkja hafi verið kjörnir og má þar m.a. nefna Belgíu.

- 12 Hinn skýri greinarmunur á sambandslögnum annars vegar og konungssambandinu hins vegar birtist vel í Þjóðaratkvæðagreiðslunni um lýðveldisstofnun 1944. Íslenskir kjósendur voru þar spurðir um afstöðu til uppsagnar sambandslaganna annars vegar og um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands hins vegar, sem þar með fól í sér að konungssambandinu við Danmörku yrði sagt upp.
- 13 „... quand le souverain fait un voyage en Islande, il est obligé de nommer un régent au Danemark, tandis qu'il garde lui-même le pouvoir royal en Islande“. Jens Martin Aage Gregersen (1891–1960) varði doktorsritgerð sína um Þjóðréttarstöðu Íslands við Háskólann í Montpellier árið 1937. Hann hafði starfað við dönsku utanríkisþjónustuna frá því að hann lauk lagaprófi frá Hafnarháskóla 1920 og árið 1956 var hann skipaður sendiherra Dana í Peking.
- 14 Embættistitill Danakonungs var æði langur. Hann var lýstur konungur Danmerkur af Guðs náð, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg. Við stofnun konungsríkisins Íslands 1. desember 1918 heyrðu yfirráð konungs yfir þessum ríkjum sögunni til að Danmörku undanskilinni, en nú bættist nafn Íslands við upptalninguna. Ísland hélst í titli konungs fram til ársins 1946, þegar titillinn var færður í fyrra horf.
- 15 Séríslenska kórónu mátti einnig finna á skjaldarmerki konungsríkisins, fálkaorðunni, peningaseðlum, myntum og víðar en hún var aldrei smíðuð enda ekki þörf á því þar sem konungbornir Þjóðhöfðingjar Norðurlanda eru ekki krýndir.
- 16 Raunar var Ísland eina ríki Norðurálfu sem aldrei gerðist aðili að Þjóðabandalaginu, ef örríkin fimm eru ekki talin með; Andorra, Liechtenstein, Mónakó, Páfaríkið og San Marínó.
- 17 Annað dæmi um ólíka afstöðu ríkjanna er afstaðan til landnáms Norðmanna á Jan Mayen en þeir reistu þar veðurstöð árið 1922. Dönskum stjórnvöldum þótti eyjan ekki hafa neina þýðingu fyrir danska hagsmuni.
- 18 „... im Rechtsinne keine Verbindung von Staaten, sondern ein staats- und völkerrechtliche *communio inoidens* des Trägers der höchsten staatlichen Organstellung bei völliger gegenseitiger Unabhängigkeit der betreffenden Organschaften selbst.“
- 19 Þess má aukinheldur geta að Margrét II drottning kallar samband landanna persónusamband í endurminningum sínum (Buk-Swienty 2022, 15).
- 20 Konungur veitti forsætisráðherra Dana hverju sinni stórkross dannebrogssorðunnar skömmu eftir að hann tók við embætti og að sama skapi hóf Kristján X að veita íslenskum forsætisráðherrum stórkross fálkaorðunnar (Róbert Trausti Árnason 2019). Sá síður að forsætisráðherra hljóti stórkrossinn hefur haldist fram á vora daga en tveir síðustu forsætisráðherrar Íslands hafa ekki þegið krossinn (Björn Jón Bragason 2020). Af þeim tólf sem gegndu formennsku í Alþýðuflokknum 1916–1998 þáðu aðeins tveir orður; Stefán Jón Stefánsson var sæmdur stórkrossi 1954 í tilefni 50 ára afmælis Stjórnarráðsins og Emil Jónsson var sæmdur stórriddarakrossi fálkaorðunnar með stjörnu 1954 og stórkrossi 1960 sem er embættistákn forsætisráðherra líkt og áður var nefnt. Sjá orðuhafaskrá á heimasíðu forsetaembættisins, *forseti.is*.
- 21 Þetta er þó áhugavert í ljósi þess að alþýðuflokksmenn voru upp til hópa „lögskilnaðarmenn“ þegar kom að sambandslitum.
- 22 „... saa længe Fællesskabet med Danmark opretholdtes gennem fælles Udenrigsministerie“.
- 23 „... saafremt Udenrigsministeriets Fællesskap ophørte, saa ønskede jeg ikke længere at være Islands Konge“
- 24 „... „altsaa min Underskrift er alt, hvad der kræves“.
- 25 „... kalde Inspektionsskibet tildligere Hjem, og saa overlade Islænderne selv Fiskeritilsynet, saa skal vi se, hvad de saa siger“.
- 26 Alþingiskosningar höfðu raunar farið fram árið áður, 1927.
- 27 „... ingen paa Island ønskede Baandet til Danmark løst“.
- 28 Hér má líka nefna að árin 1916–1918 gerðu Íslendingar viðskiptasamninga við Breta án aðkomu Dana og án þess að starfandi væri nokkur séríslensk utanríkisþjónusta.

**Heimildaskrá**

- Agnar Kl. Jónsson (1969). *Stjórnarráð Íslands 1904–1964 I*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Alþingistiðindi 1918 A.
- Alþingistiðindi 1927 A, D.
- Alþingistiðindi 1928 A, B, D.
- Alþingistiðindi 1930 A, B, D.
- Alþingistiðindi 1931 A, aukalþing.
- Anzilotti, D. (1929). *Cours de droit international I*. París: Recueil Sirey.
- Ármann Jakobsson (1997). *Í leit að konungi. Konungsmynd íslenskra konungasagna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Berlin, K. (1933). *Den dansk-íslandske Forbundslov af 30. November 1918* (3. útg. endurskoðuð). Kaupmannahöfn: Nyt nordisk Forlag Arnold Busck.
- Bjarni Benediktsson (1965). „Sjálfstæði Íslands og atburðirnir vorið 1940“, í *Land og lýðveldi*. Reykjavík: Almenna bókaútgáfa.
- Bjarni Jónsson frá Vogu (1923). „Ísland og fullveldi þess“. *Andvari, tímarit Hins íslenska þjóðvinafélags* 48(1), 113-138.
- Björn Jón Bragason (2020). „Katrín Jakobsdóttir hafnaði stórkrossinum“, *DV*, 8. maí.
- Björn Þórðarson (1956). „Alþingi og frelsisbaráttan 1874–1944“, í *Saga Alþingis, III. bindi*. Reykjavík: Alþingissögufélag.
- Bremensis, A. (1876). „Descriptio insularum aquilonis“, *Gesta Hammaburgensis Ecclesiae Pontificum*, Capitulum 35.
- Buk-Swienty, T. (2022). *Undervejs. Dronning Margarethe fortæller til Tom Buk-Swienty. Erindringer 1940–1972*. Kaupmannahöfn: Politikens Forlag.
- Einar Arnórsson (1923). *Þjóðréttarsamband Íslands og Danmerkur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Einkaskjalasafn Tryggva Þórhallssonar (1928). „Texte Français du discours de sa Majesté le Roi de Danemark et d'Islande.“ Prentað eintak af ræðu Kristjáns X, konungs Íslands og Danmerkur, í opinberri heimsókn hans til Finnlands í maí 1928.
- Einkaskjalasafn Tryggva Þórhallssonar (1928). „Texte Français du discours du Président Relander.“ Prentað eintak af ræðu Finnlandsforseta í opinberri heimsókn Kristjáns X, konungs Íslands og Danmerkur, í opinberri heimsókn í maí 1928.
- Fauchille, P. (1922). *Traité le droit international public I*. París: Librairie Arthur Rousseau.
- Fischer, F. (1970). *Les Buts de guerre de l'Allemagne impériale (1914–1918)*. París: Éditions de Trévise.
- Forseti Íslands (e.d.). „Orðuhafaskrá“. Sótt af <https://www.forseti.is/f%C3%A1llkaor%C3%B0an/orduhafaskra/>
- Fréttir og auglýsingar (1928). „Utan úr heimi“, 23. desember.
- Gregersen, A. (1937). *L'Islande. Son status à travers les âges*, París: Librairie du recueil sirey.
- Gregersen, H.V. (1981). *Slesvik og Holsten før 1830*. Kaupmannahöfn: Politikens forlag.
- Greve, T. (1983). *Haakon VII of Norway. Founder of a New Monarchy* (Thomas Kinston Derry þýddi). London: Hurst.
- Guðjón Friðriksson (1992). *Dómsmálaráðherrann. Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu II*. Reykjavík: Íðunn.
- Guðmundur Jónsson (2018). „Fullveldi í reynd á bernskuskeiði íslenska ríkisins 1918–1940“, í Guðmundur Jónsson (ritstj.), *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* (bls. 27-58). Reykjavík: Sögufélag.
- Guðni Th. Jóhannesson (2016). *Fyrstu forsetarnir. Embætti þjóðhöfðingja Íslands á 20. öld*. Reykjavík: Sögufélag.
- Gunnar Karlsson (2008). „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, í Sigurður Línal og Pétur Hrafn Árnason (ritstj.), *Saga Íslands IX. bindi* (bls. 167-374). Reykjavík: Sögufélag.
- Halldór Kiljan Laxness (1939). „Vargar dansk-íslenskrar samvinnu hafa verið að verki. Er afhrópun Íslandskonungs tímabær?“, *Þjóðviljinn*, 6. ágúst.
- Halldór Kiljan Laxness (1943). „Nítján hundruð fjörutíu og þrjú“, *Tímarit Máls og menningar* 6(2), 151-160.



- Halldór Kiljan Laxness (1987). *Dagar hjá mínkum*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Helgi Skúli Kjartansson (2006). „Forveri forseta. Konungur Íslands 1904–1944“, *Stjórnmál & stjórnsýsla* 2(1), 57-72. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2006.2.1.3>
- Jakob Þór Kristjánsson (2021). *Fyrsti sendiherra á Íslandi 1919–1924*. Reykjavík: Sögur útgáfa.
- Jellinek, G. (1914). *Allgemeine Staatslehre*. Berlín: Häring.
- Jespersen, K. (2009). *Rytterkongen*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Jespersen, K. (2018). „Island og Danmark – en oversigt“, í *Christian X og Island. Christian X's optegnelser vedrørende Island 1912–1932*. Óðinsvé: Syddansk Universitetsforlag.
- Jespersen, K. (2018). *Christian X og Island. Christian X's optegnelser vedrørende Island 1912–1932*. Óðinsvé: Syddansk Universitetsforlag.
- Jón Krabbe (1959). *Frá Hafnarstjórn til lýðveldis. Minningar frá löngum embættisferli*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón Sigurðsson (1848). „Hugvekja til Íslendinga“, *Ný félagsrit* 8, 6-7.
- Jón Sigurðsson (ritstj.) (1853a). *Lövsamling for Island 9. bindi*. Kaupmannahöfn: Universitets-Boghandler Andr. Fred. Höst.
- Jón Sigurðsson (ritstj.) (1853b). *Lövsamling for Island 16. bindi*. Kaupmannahöfn: Universitets-Boghandler Andr. Fred. Höst.
- Kubicek, P. (2015). *European Politics*. London: Routledge.
- Lange, O. (1988). *Jorden er ikke større...H.N. Andersen, ØK og storpolitikken 1914-37*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Magnús Jónsson (1943). *Alþingishátíðin 1930*. Reykjavík: Leiftur.
- Magnús K. Hannesson (2014). *Konungsríkið Ísland. Aðdragandi þess og þjóðhöfðingi* (meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Magnús Már Lárusson (ritstj.) (1964). *Kulturbhúsið leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationsstid IX. bindi*. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar.
- Moye, M. (1928). *Le Droit des gens moderne* (2. útg). París: Recueil Sirey.
- Norlin, A. (2021). *Europas försvunna kungabús*. Stokkhólmur: Lind & co.
- Ólafur Egilsson (1984). Inngangur að grein Nils Svenningsen „Þegar Danmörk kvaddi Ísland“, *Saga* XXII, 263–273.
- Pétur J. Thorsteinsson (1992). *Útanríkisþjónusta Íslands. Sögulegt yfirlit 1*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragnhildur Helgadóttir (2017). „Var litið til Noregs? Áhrif norskrar stjórnskipunar á sjálfstæðisbaráttuna og stjórnarskrá Konungsríkisins Íslands“, í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Fullveldi í 99 ár: safn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinsyni sextugum* (bls. 95-111). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ragnhildur Helgadóttir (2018). „Fullveldi í mótn“, í Guðmundur Jónsson (ritstj.), *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* (bls. 61-94). Reykjavík: Sögufélag.
- Rasmus Gjedssø Bertelsen (2018). „Sambandslögin 1918“, í Guðmundur Jónsson (ritstj.), *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* (bls. 207-240). Reykjavík: Sögufélag.
- Rigsarkivet. *Dansk-Islandske Nævn: Forhandlingsprotokoller for danske afdeling (1919–1947)*.
- Ross, A. (1966). *Dansk statsforfatningsret II* (2. útg endurskoðuð). Kaupmannahöfn: Nyt Nordisk Forlag Arnold Busck.
- Róbert Trausti Árnason (2019), fyrrv. ráðuneyttisgjafi og sendiherra, viðtal 26. júní.
- Sereni, A.P. (1940). „Agency in International Law“, *American Journal of International Law* 34(4), 638 - 660.
- Sigurður Líndal (1973). Inngangur að Max Weber, *Menni og máttur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurður Líndal (2016). „Frá konungsríki til lýðveldis“, í Jón Karl Helgason, Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Líndal (ritstj.), *Saga Íslands XI* (bls. 261-316). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Skjalasafn Alþingis. *Dansk-íslenska ráðgjafarnefndin 1918–1933*.
- Skúli Magnússon (2018). „Fullveldishugtakið í íslenskum rétti frá 1918 til samtímans“, í Guðmundur Jónsson (ritstj.), *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* (bls. 129-174). Reykjavík: Sögufélag.

- Stefanía Óskarsdóttir (2017). „Leiðin til fullveldis“, í Svala Ísfeld Ólafsdóttir (ritstj.), *Fullveldi í 99 ár: safn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinsyni sextugum*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sundbøl, P. (1979). *Íslandspólitik Dana 1913–1918* (Jón Þ. Þór þýddi). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Svanur Kristjánsson (2005). „Forseti Íslands og utanríkisstefnan“, *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar* 2, 141–168.
- Svanur Kristjánsson (2010). „Konunglega lýðveldið“, *Ritið: tímarit Hugvísindastofnunar* 3, 189–218.
- Sveinn Björnsson (1957). *Endurminningar Sveins Björnssonar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Svenningsen, N. (1984). „Þegar Danmörk kvaddi Ísland“, *Saga* XXII, 263–273.
- Sverrir Jakobsson (2021). „All the King’s men. The incorporation of Iceland into the Norwegian Realm“, *Scandinavian Journal of History* 46(5), 571–592.
- Sørensen, M. (1969). *Statsforfatningsret*. Kaupmannahöfn: Juristforbundet.
- Taylor, A.J.P. (1954). *The Struggle for Mastery in Europe 1848–1918* (*Oxford History of Modern Europe*). Oxford: Clarendon Press.
- Tíminn (1920). „Stjórnarbylting í Danmörku“, 3. apríl.
- von Liszt, Franz (1910). *Das Völkerrecht*. Berlín: J. Springer.
- von Liszt, Franz (1925). *Das Völkerrecht systematisch dargestellt* (12. útg). Berlín: J. Springer.
- von Ullmann, E. (1908). *Völkerrecht*. Tübingen: J.C.B. Mohr.
- Wade, E.C.S. og Bradley, A.W. (1966). *Constitutional Law. An Outline of the Law and Practice of the Constitution including Central and Local Government the Citizen and the State and Administrative Law*. London: Longmans.
- Þorvaldur Þórarinnsson (1942). *The International Status of Iceland* (meistararitgerð). Cornell University, New York.